



# Efnisyfirlit

<b>Ávarp framkvæmdastjóra</b>	3	Efling Egilsstaðaflugvallar	36
<b>Um Austurbrú</b>	5	Samstarf atvinnuþróunarfélaga	37
<b>Starfslið, stjórn og nefndir</b>	5	Samstarf við Vopnafjarðarhrepp	38
<b>Mannauður</b>	6	Fögur framtíð í Fljótsdal	39
<b>Samband sveitarfélaga á Austurlandi - SSA</b>	9	Uppbyggingarsjóður Austurlands	40
Breytingar til bóta	11	<b>Menntun og rannsóknir</b>	43
<b>Atvinnuþróunar-, menningar- og markaðsverkefni</b>	12	Verkefni tengd menntun	44
Áfangastaðurinn Austurland	13	Evrópuverkefnið Life & Health, health promoting communities	45
Samstarf markaðsstofa landshlutanna	14	Háskólasetur Austurlands	46
Matarauður Austurlands	15	Háskólaþjónusta	47
Kynningarefni	18	Rafræn þjónustunámskeið	48
Brothættar byggðir	20	„Þetta er minna mál en maður heldur“	49
Innviðagreining Fjarðabyggðar	21	Íslenska fyrir útlendinga	52
Strætisvagnar Austurlands	22	Samstarf við fjölmennt	53
Menningarstarf á Austurlandi	24	Stóriðjuskólinn	54
Menningarmiðstöðvar og efling jaðarsvæða á Austurlandi	25	Tæknidagur fjölskyldunnar	55
BRAS -menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi	26	Kvasir og Leikn - samstarf um fullorðinsfræðslu	56
Dagar mykurs	27	Raunfærimat	57
Miðstöð menningarfræða	28	Náms- og starfsráðgjöf	58
Bras -Menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi	29	Sjálfbærni-verkefni Alcoa Fjarðaráls og Landsvirkjunar	59
Aðstoð við frumkvöðla	33	Handiheat	60
Leiðar og markaðssjóður	34	Orkuskipti á Austurlandi	61
Innanlandsflug	35	Gæðamál og innra mat	62

## Ársrit 2019, maí 2020

**Útgefandi:** Austurbrú ses.

**Hönnun og umbrot:** Ingvi Örn Þorsteinsson

**Ritstjórn:** Esther Ösp Gunnarsdóttir

**Forsíðumynd:** Jessica Auer

**Höfundar:** Starfsfólk Austurbrúar

## Austurbrú

Vonarland, Tjarnarbraut 39e

700 Egilsstaðir

470-3800

[austurbru.is](http://austurbru.is)

[austurbru@austurbru.is](mailto:austurbru@austurbru.is)



Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar.



**Ég trúi því að fólki líði vel í opnu og víðsýnu samfélagi.**

## Fjölmenningarsamfélag er verðugt markmið

Mörg okkar hafa yfirgefið Ísland tímabundið af einhverjum ástæðum, ef til vill sinnt vinnu erlendis eða sótt nám og þekkjum því af eigin raun hvernig við þurfum að aðlagast öðru samfélagi, annarri menningu og öðrum síðum. Þessu fylgir rótleysi, tengslanetið raskast og ýmis leikni og færni, t.a.m. í samskiptum við stofnanir samfélagsins og annað fólk, takmarkast þegar við getum hvorki tjáð okkur á móðurmáli okkar né tekið við upplýsingum á því. Svona staða getur haft mjög mikla þýðingu fyrir líf útlendinga án þess að heimamennirnir átti sig endilega á því.

Að þessu sögðu er rétt að taka strax fram að aðstæður fólks af erlendum uppruna geta verið mjög ólíkar innbyrðis. Hvatinn á bak við veru þess á Íslandi er ekki endilega sá sami þótt leitinn að betra lífi sé oftast ástæða þess að fólk flytur og sest að í framandi landi.

### Samruninn á ábyrgð beggja

Hugtakið fjölmenningarlegt samfélag er skilgreint sem samfélag þar sem fjölbreytni ríkir, fólk af mismunandi uppruna eða menningarsvæðum býr saman í einu samfélagi, ber virðingu fyrir hvert öðru og hefur samskipti sín á milli. Eðlilegt er að í slíku samfélagi

fái allir hópar að halda sinni eigin menningu, tungumáli og einkennum en tileinki sér á sama tíma ríkjandi menningu.

Í mínum huga er fjölmenningarlegt samfélag verðugt markmið fyrir Austfirðinga en til að svo geti orðið verða allir að búa við jöfn tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegu samfélagi. Einungis þannig tryggjum við að fólk af erlendum uppruna geti orðið félagslega virkt og sett mark sitt á samfélagið.

Blómstrandi fjölmenningarsamfélag er því á ábyrgð allra og að mínu viti er gríðarlega þýðingarmikið fyrir okkur öll að vel til takist. Saga Austurlands – og raunar Íslands – sýnir að erlend áhrif hafa verið jákvæð fyrir íslenskt samfélag, menningu og atvinnulíf. Fjölmenning elur af sér umburðarlynt fólk og ég trúi því að fólki líði vel í opnu og víðsýnu samfélagi. Og þegar fólki líður vel lætur það að sér kveða. Þannig getur fjölmenning leitt til þróunar og framfara á öllum sviðum tilverunnar.

### Stækkandi hópur

Á Austurlandi hefur fólki af erlendum uppruna fjölgað á síðustu árum og er það nú um fimmtán prósent íbúa. Í sumum þéttbýliskjörnum Austurlands

er þetta hlutfall mun hærra, t.d. hátt í tuttugu prósent á Eskifirði og Reyðarfirði.

Þessi hópur er ekki einsleitur m.t.t. menntunar, reynslu, menningar, tungumáls eða upprunlands en á Austurlandi eru íbúarnir frá fimmtíu löndum. Flestir koma frá Póllandi eða um sextíu prósent miðað við tölur frá árinu 2017. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar við leitum úrræða og lausna fyrir fólk sem á mögulega ekkert annað sameiginlegt en það að hafa ekki íslensku að móðurmáli.

Við hjá Austurbrú tölum af nokkurri reynslu um þessi mál þótt þau hafi mögulega ekki hlotið eins stóran sess hjá okkur og vera skyldi. Stofnunin hefur m.a. haft veg og vanda af íslenskunámskeiðum fyrir útlendinga og á síðustu árum hefur hún haft frumkvæði að því að rannsaka stöðu fólks af erlendum uppruna í landshlutanum. Okkar stefna er að gera enn betur í þessum málum á næstu misserum og leggja okkar að mörkum svo að hér geti ríkt blómstrandi fjölmenning.

**Það skiptir Austurland máli.**



Hengifoss er einn af hæstum fossum landsins eða 128 metra hár. Ljósmynd: Björn Steinbekk.

## Um Austurbrú

**Austurbrú er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var 8. maí 2012, vinnur að hagsmunamálum íbúa á Austurlandi og veitir samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Stofnunin stuðlar að og ýtir undir þróun samfélags, atvinnulífs, háskólanáms, símenntunar, rannsókna og menningarstarfs á Austurlandi.**

Austurbrú er fyrsta stofnun sinnar tegundar á Íslandi. Markmiðið með henni er að einfalda stjórnsýslu, vera vettvangur fyrir samstarf og samþættingu og vinna metnaðarfullt starf, íbúum Austurlands til hagsbóta.

Hjá Austurbrú starfa að jafnaði um tuttugu og átta manns um allt Austurland.

### Fundir

Ársfundur Austurbrúar var haldinn í Valaskjálfi á Egilsstöðum þann 7. maí og í framhaldi af honum var haldið málþing þar sem umfjöllunarefnið var ferðalag ferðamannsins og fisksins að austan.

Stjórn Austurbrúar hélt 11 fundi á árinu og finna má fundargerðir árs- og stjórnarfunda á heimasíðu stofnunarinnar. Nánari upplýsingar um fjármál og rekstur Austurbrúar á árinu 2019 má finna í ársreikningi sem einnig er að finna á heimasíðunni.

### Upplýsingamiðlun

Austurbrú á og rekur heimasíðuna austurbru.is þar sem finna má helstu upplýsingar um stofnunina og fréttir af starfsemi hennar. Austurbrú rekur auk þess Facebook-síðu sem uppfærð er daglega með auglýsingum og tilkynningum frá stofnuninni. Fylgjendur hennar voru rúmlega tvö þúsund í lok árs 2019. Austurbrú auglýsir námskeið og aðra viðburði einnig í prentuðum miðlum í fjórðungnum.

Á árinu 2019 var unnið að fjölmörgum verkefnum sem kynnt eru í þessari skýrslu þó svo að ekki sé um tæmandi upptalningu þar að ræða. Ný verkefni bættust við og öðrum var lokið. Ávallt er verið að vinna í uppfærslu á innri kerfum Austurbrúar og var unnið í gerð nýrrar heimasíðu sem opnuð verður nú á vordögum ásamt því að unnið var að innleiðingu Teams sem hópinnukerfi innan stofnunarinnar.

Breytingar voru gerðar á stjórn með þeim hætti að það fjölgaði í stjórninni úr sjö í níu. Þá var stofnað fagråd Austurbrúar sem í sitja fulltrúar annarra stofnaðila en sveitarfélaganna sem og fulltrúar samstarfsaðila Austurlands\*.

## Starfslið, stjórn og nefndir Austurbrúar 2019-2020

### Stjórn Austurbrúar

#### Af vettvangi

#### sveitastjórnarmála:

Einar Már Sigurðarson  
Gunnar Jónsson  
Hildur Þórisdóttir  
Gauti Jóhannesson  
Sigríður Bragadóttir  
Stefán Bogi Sveinsson  
Pálína Margeirsdóttir

#### Af vettvangi atvinnulífs, menntunar og menningar:

Þráinn Lárusson  
Sæunn Stefánsdóttir

### Fagråd Austurbrúar

Þráinn Lárusson  
Sæunn Stefánsdóttir  
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir  
Hlín Pétursdóttir Behrens  
Sigurður Steingrímsson

### Starfsháttanefnd

Skúli Björn Gunnarsson  
Jón Björn Hákonarson  
Ásdís Helga Bjarnadóttir

### Síðanefnd

Aðalheiður Árnadóttir  
Gunnlaugur Sverrisson  
Sigríður Rún Tryggvadóttir

# Mannauður

Í lok árs 2019 voru starfsmenn Austurbrúar alls 28 í 24,45 stöðugildum.



**Alda Marín Kristinsdóttir**  
Verkefnastjóri



**Arnar Úlfarsson**  
Verkefnastjóri



**Ásdís Helga Bjarnadóttir**  
Verkefnastjóri



**Christoph Merschbrock**  
Verkefnastjóri



**Esther Ösp Gunnarsdóttir**  
Hönnuður/Verkefnastjóri



**Guðrún Áslaug Jónsdóttir**  
Yfirverkefnastjóri



**Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir**  
Verkefnastjóri



**Hrönn Grímsdóttir**  
Verkefnastjóri



**Hrönn Jakobsdóttir**  
Þjónustufulltrúi



**Ingvi Örn Þorsteinsson**  
Hönnuður/Verkefnastjóri



**Jódís Skúladóttir**  
Verkefnastjóri/persónuv.fulltrúi



**Jón Knútur Ásmundsson**  
Verkefnastjóri



**Jóna Árný Þórðardóttir**  
Framkvæmdastjóri



**Jónína Brynjólfsdóttir**  
Verkefnastjóri



**Kristjana Louise Friðbjarnard.**  
Verkefnastjóri



**María Hjálmarsdóttir**  
Verkefnastjóri



**Páll Guðmundur Ásgeirsson**  
Verkefnastjóri



**Signý Ormarsdóttir**  
Yfirverkefnastjóri



**Sigrún Víglundsdóttir**  
Verkefnastjóri



**Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir**  
Verkefnastjóri



**Valdís Vaka Kristjánsdóttir**  
Verkefnastjóri



**Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir**  
Verkefnastjóri

Myndir vantar af Önnu Alexandersdóttur, Elfu Hlín Pétursdóttur, Guðlaugu Björgvinsdóttur og Huldu Guðnadóttur sem voru í leyfi í árslok. Eins vantar Jón Steinar Garðarsson Mýrdal sem hætti störfum í lok árs.



***Sóknaráætlun Austurlands  
er deigla menningar-, atvinnu-  
og umhverfismála þar sem  
sett er fram stefnumótun og  
framtíðarsýn fyrir landshlutann.***

*Hildur Þórisdóttir  
forseti bæjarstjórnar á Seyðisfirði*



# Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)

Breyting var gerð á samþykktum SSA í febrúar 2019 með þeim hætti að aðalfundur SSA yrði haldinn að vori en þing samtakanna yrði haldið að hausti. Í takt við þessar breytingar var 53. aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum þann 7. maí en síðar sama dag var ársfundur Austurbrúar haldinn auk málþings um flugvallamál sem bar yfirskriftina Ferðalag ferðamannsins og fisksins að austan. Fyrsta haustþing SSA var haldið á Borgarfirði eystri dagana 11.-12. október. Að venju var fjallað um hin ýmsu mál sem snerta landshlutann í heild og samþykktar fjölmargar ályktanir er varða málefni hans. Á fundinum fór fram kynning á Sóknaráætlun Austurlands 2020-2024 sem unnið var að á haustmánuðum auk þess sem fjallað var um eflingu sveitarstjórnar-stigsins. Ávörp voru flutt á fundinum af Sigurði Inga Jóhannssyni, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Kristjáni Þór Júlíussyni, 1. þingmanni kjördæmisins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem og Karli Björnssyni, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Á fundinum voru eftirtaldir kosnir í stjórn SSA starfsárið 2019-2020: Einar Már Sigurðarson, Gauti Jóhannesson, Gunnar Jónsson, Hildur Þórisdóttir, Pálína Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir og Stefán Bogi Sveinsson. Varamenn: Eydís Ásbjörnsdóttir, Þorbjörg Sandholt, Berglind Svavarsdóttir, Jakob Sigurðsson, Jón Björn Hákonarson, Stefán Grímur Rafnsson og Björg Björnsdóttir. Á fyrsta fundi stjórnar var Einar Már Sigurðarson kjörinn formaður, fyrsti varaformaður Gunnar Jónsson

og annar varaformaður Hildur Þórisdóttir. Þau eiga samhliða sæti í framkvæmdaráði SSA. Þá tók gildi sú breyting að öll stjórn SSA situr í stjórn Austurbrúar auk tveggja fulltrúa annarra stofnaðila. Samgöngunefnd SSA starfar á milli aðalfunda en hana skipa sjö fulltrúar, einn frá hverju sveitarfélagi á Austurlandi. Á heimasíðu SSA má finna upplýsingar um fulltrúa í nefndinni ásamt samþykktum hennar.

## Helstu verkefni

Í janúar var úthlutað úr Uppbyggingarsjóði Austurlands sem hefur það hlutverk að styrkja menningar-, nýsköpunar- og atvinnuþróunarverkefni í samræmi við Sóknaráætlun Austurlands. Að þessu sinni var rúmum 60 milljónum úthlutað til 61 verkefnis sem efla munu atvinnuþróun og menningu í landshlutanum. Áhersluverkefni samnings um sóknaráætlun á árinu var menningarstarf á Austurlandi en markmið þess er að standa vörð um þann mikla og góða árangur sem náðst hefur í uppbyggingu faglegs menningarstarfs á Austurlandi og halda áfram á sömu braut. Áhersla var lögð á barnamenningarhátíðina BRAS auk þess sem grunnur var lagður að áherslum er tengjast matarmenningu Austurlands. Einnig var markaðssetning Egilsstaðaflugvallar sem alþjóðlegs flugvallar áhersluverkefni en markmið þess er áframhaldandi vinna við að opna aðra gátt inn í landið með millilandaflugi um Egilsstaðaflugvöll. Haldið var áfram með verkefnið Áfangastaðinn Austurland þar sem markmiðið er að auka aðdráttarafl

og samkeppnishæfni Austurlands auk þess sem Austurbrú var falið að vinna að rannsóknnum sem tengjast fræðslumálum á Austurlandi. Þá var unnið áfram að svæðisskipulagi Austurlands sem tekur til allra sveitarfélaganna sem landfræðilegrar, hagrænnar og félagslegrar heildar. Nánar er fjallað um úthlutun Uppbyggingarsjóðsins og áhersluverkefnin síðar í skýrslunni.

Á árinu var unnið að gerð nýrrar Sóknaráætlunar Austurlands fyrir árin 2020-2024 samhliða því að gerður var nýr samningur til næstu fimm ára við stjórnvöld. Vinnu við gerð nýrrar sóknaráætlunar stýrði Austurbrú með aðkomu ráðgjafa frá Capacent og var ný áætlun kynnt á haustþingi SSA áður en hún var lögð fram til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Stjórn samþykkti Sóknaráætlun Austurlands endanlega og var hún lögð til grundvallar við umsóknarferli Uppbyggingarsjóðs í árslok vegna úthlutunar ársins 2020.

Skipulag og rekstur almenningssamgangna á Austurlandi heyrir undir starfssvið SSA og nánar er fjallað um hann í næsta kafla. Í stjórn SvAust sitja Einar Már Sigurðarson formaður, Björn Ingimarsson og Karl Óttar Pétursson.

Fundargerðir stjórnar, ályktanir og upplýsingar um aðalfundi, sem og samþykktir, má finna á heimasíðu SSA ([ssa.is](http://ssa.is)).



Vestdalsfossar. Ljósmynd: Jessica Auer.

## Breytingar til bóta

**Nýjar samþykktir um skipan stjórnar Austurbrúar voru samþykkt á síðasta ári en stærsta breytingin var sú að stjórnir SSA og Austurbrúar runnu að mestu saman. Þannig eru allir stjórnarmenn SSA, sjö talsins, einnig í stjórn Austurbrúar auk tveggja fulltrúa úr fagráði Austurbrúar.**

Einar Már Sigurðarson, formaður stjórnar SSA og Austurbrúar, segir að þessar breytingar hafi verið mikilvægar fyrir Austurbrú og framfaraspor fyrir stofnunina. „Samlegð Austurbrúar og landshlutasamtakanna hafði verið til umræðu frá stofnun hennar og svo komu auðvitað fleiri hagsmunaaðilar að borðinu á sínum tíma og margir hagsmunir sem þurfti að sætta.“

Hann segir að þessar breytingar hafi einfaldað ferlið til muna. „Mín skoðun er sú að þessar breytingar einfaldi margt og tengi betur kraftana sem vinna að sameiginlegu markmiði okkar allra, þ.e. að bæta og efla mannlíf á Austurlandi. Þegar sömu aðilar sitja í báðum stjórnnum segir það sig sjálft að upplýsingaflæðið er nánast óheft og stjórn SSA, eðli málsins samkvæmt, er alltaf upplýst um stöðu Austurbrúar. Ég tel að þetta sé gott og einfalt fyrirkomulag sem dregur úr togstreitu og við erum samstillt strax á upphafspunkti. Við enduðum á góðri lausn en hvort þetta sé hin endanlega lausn á eftir að koma í ljós,“ segir Einar Már.

### Atvinnulífið og Austurbrú

Umræður um stjórnskipulag Austurbrúar urðu nokkrar og voru nokkur sjónarmið uppi um hvað væri heppilegasta fyrirkomulagið. „Ég verð að viðurkenna að ég var ekki hlynntur þessum breytingum til að byrja með,“ segir Þráinn Lárusson, atvinnurekandi á Austurlandi og formaður fagráðs Austurbrúar. Hann situr sem fulltrúi atvinnulífsins í stjórn hennar. „Það átti að stækka stjórnina, fjölga pólitískum fulltrúum og áhyggjur mínar snerust um að vægi atvinnulífs og rannsókna myndi minnka í stjórninni og rödd okkar dofna. Það hefur hins vegar ekki gerst og ég finn að þeir stjórnarmenn Austurbrúar sem koma frá SSA hafa mikinn áhuga á að heyra okkar sjónarmið,“ segir hann og bætir við: „Það sem mætti hins vegar þróast til betri vegar er að atvinnulífið fyrir austan sé meðvitaðra um að það eigi sannarlega sinn fulltrúa í stjórn Austurbrúar, stofnun sem á þjóna öllu samfélaginu, þ.m.t. fyrirtækjum. Ég held að fólk úr atvinnulífinu ætti að vera óragara við að hafa

samband við mig og aðra stjórnarmenn Austurbrúar. Að minni hyggju er það forsenda þess að stofnunin og samfélagið á Austurlandi gangi saman í takt.“

### Nýjar áskoranir

Sæunn Stefánsdóttir er forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands. Hún situr í stjórn Austurbrúar og er varaformaður fagráðs hennar. „Það var mjög mikilvægt að ráðandi aðilar og heimamenn kæmu sér saman um lausn að heppilegu stjórnskipulagi,“ segir hún. „Áskorunin núna er að tvinna starf fagráðsins saman við stjórn Austurbrúar þannig að við höldum þessum mikilvægu tengingum út í samfélagið á Austurlandi. Mér finnst ekki nokkur spurning að sem þekkingarstofnun hefur Austurbrú styrkst gríðarlega og hefur sennilega aldrei verið jafn vel í stakk búin að takast á við þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir. Þá er ég ekki endilega að tala eingöngu um þetta krísuástand sem nú ríkir vegna heimsfaraldurs heldur fremur kröfur samfélagsins um margbreytilegt atvinnu- og menningarlíf. Það, að mínu viti, er hið stóra verkefni Austurbrúar. Við höfum á síðustu árum notað mikla orku í spennandi uppbyggingarverkefni er snerta innviði samfélagsins, s.s. samgöngur og fleira, en í framtíðinni þurfum við að huga að uppbyggingu atvinnulífsins, staðsetningu starfa og samsetningu þeirra. Fólk gerir – og mun gera í enn ríkari mæli – kröfur um fjölbreytilegt atvinnu- og menningarlíf á næstu árum.“

Ég tel mikil tækifæri í frekari uppbyggingu starfa í rannsóknum, þróun og fræðastarfi. Slík áhersla getur byggt á þekkingu innan Austurbrúar og ekki síður tengslaneti hennar og því samstarfi sem Austurbrú á við einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir um land allt. Okkar reynsla hjá Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands er sú að fjárfesting í uppbyggingu þekkingarstarfs er ein áhrifaríkasta leiðin til að fjölga fólki, draga aukið fjármagn til landshlutans og þannig efla samfélagið.“



Einar Már Sigurðarson.



Sæunn Stefánsdóttir.



Þráinn Lárusson.

# Atvinnuþróunar-, menningar- og markaðsverkefni



Brimnes. Ljósmynd: Jessica Auer

# Áfangastaðurinn Austurland

## Áfangastaðurinn Austurland

Áfangastaðaáætlun fyrir Austurland er heildræn stefna, unnin á forsendum svæðisins sjálfs, sem eflir bæði samstöðu og slagkraft fjórðungsins. Markmið þessarar áætlunar er að stuðla að ábyrgri ferðaþjónustu sem skilar sem mestum hagnaði til samfélagsins. Í skýrslunni eru m.a. birtar niðurstöður greiningar á stöðu ferðaþjónustunnar á Austurlandi en á grunni hennar var mótuð framtíðarsýn og aðgerðaráætlun. Áfangastaðaáætlunin var uppfærð og kynnt á Haustfundi ferðaþjónustunnar þar sem fundarmenn fóru í áframhaldandi vinnu við forgagnsverkefni áætlunarinnar.

Uppfærða áætlun má finna á [issuu.com/austurland](http://issuu.com/austurland). Á árinu 2019 hefur aukin áhersla verið lögð á að vinna sérstaklega með þætti sem styðja við ímynd Austurlands sem áfangastaðar, s.s. eflingu matarmenningar,

þróunar ferðaleiða, vinnu með áfangastaði innan Austurlands sem og almenna ásýnd áfangastaðarins.

## #DTTT Global

Mikilvægt er að byggja undir orðspor Austurlands sem áfangastaðar þar sem unnið er skipulega og faglega að uppbyggingu ferðaþjónustu. Á árinu hefur átt sér stað mikil vinna í að deila þekkingu sem lið í að efla kynningu á áfangastaðnum sjálfum. Ein leið til að vekja athygli á Austurlandi sem áhugaverðs áfangastaðar er að koma honum í umræðuna þar sem umfjöllun er um þróun áfangastaða. Í byrjun desember kynnti verkefnastjóri Austurbrúar Austurland á vettvangi #DTTT Global (Digital tourism think tank) í Helsinki. #DTTT Global er leiðandi áfangastaðarástefna þar sem leiðtogar áfangastaða víðsvegar um heim koma saman til að sækja sér og deila þekkingu.

## Uppbygging áfangastaða

Austurbrú hefur komið að vinnu við uppbyggingu á áfangastaðnum Stuðlagili. Talsverð vinna hefur farið í að formgera samstarf við landeigendur, sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila og horft er til að Stuðlagil verði einn helsti segull Íslands í framtíðinni. Þessi vinna mun vonandi leiða til þess að Stuðlagil verði fyrirmyndar-áfangastaður og ákveðin söluvara eða lokkari fyrir ferðaskrifstofur og flugfélög. Búið er að framkvæma greiningu á svæðinu og tækifærum og unnið er af því að horfa heildstætt á svæðið í samstarfi við helstu hagsmunaaðila.

**Verkefnisstjórn:** María Hjálmarsdóttir



Frá haustfundi ferðaþjónustunnar sem haldinn var í Sláturhúsinu 14. nóvember 2019. Ljósmynd: Ingvi Örn Þorsteinsson



María Hjálmarsdóttir, verkefnastjóri Austurbrúar og Daniel Byström áfangastaðahönnuður fjalla um þróun áfangastaða.



Stuðlagil er einn af vinsælustu áfangastöðum á Austurlandi. Ljósmynd: Björn Steinbekk.

## Samstarf markaðsstofa landshlutanna

Markaðsstofur landshlutanna vinna saman að ýmsum hagsmunamálum. Þær funda um átta sinnum á ári og koma hinar ýmsu samstarfsstofnanir, s.s. Íslandsstofa, Ferðamálastofa, SAF og stjórnstöð ferðamála, inn á þessa fundi til að ræða fjölmörg verkefni sem falla undir starf markaðsstofanna. Samstarfið felur meðal annars í sér samræmdar vefsíður fyrir landshlutana (east.is hér á Austurlandi), vinnu við sameiginleg markaðsverkefni, ferðasýningar og fleira.

Samstarfsvettvangurinn heldur ferðasýninguna Mannamót árlega og er sýningin orðin fastur liður í markaðs- og kynningarstarfi fjölmargra ferðaþjónustuaðila á Austurlandi. Á haustdögum var haldin árleg ráðstefna um strauma og stefnur í ferðamálum framtíðarinnar og var Paul Davies, forstöðumaður ferðamálarannsóknna hjá markaðsráðgjafafyrirtækinu Mintel, gestur og aðalfyrirlesari. Paul fór yfir helstu strauma og stefnur í kaup- og ferðahegðun fólks á heimsvísu, auk þess að fjalla um hvernig sú þróun hefur áhrif á ferðaþjónustu í heiminum. Ráðstefnan var haldin fyrir fullu húsi en fundurinn var einnig sendur út í beinni útsendingu og var fjöldi fólks sem fylgdist með þar.



Eliza Reid, forsetafrú, kynnir sér Óbyggðasetur Íslands. Ljósmynd: Aðsend.



Ljósmynd: Aðsend.

# Matarauður Austurlands

**Verkefnisstjórn:** Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir og Sigrún Ormarsdóttir

**Matarauður Austurlands er nýtt verkefni á vegum Austurbrúar, unnið út frá markmiðum og áherslum Áfangastaðarins Austurland og Matarauðs Íslands en það verkefni var mótað í samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu, fyrirtæki og íbúa.**

Meginhugmynd þess verkefnis er að markaðssetja Austurland sem eina heild og markmiðið er að nú sem áður verði Austurland góður staður að búa á og heimsækja. Fjármagn til verkefnisins kom í gegnum Matarauð Íslands og Sóknaráætlun Austurlands.



Góð þátttaka var í Mat Attack. Ljósmynd: Ingvi Örn Þorsteinsson

Í Áfangastaðaverkefninu eru fimm svokallaðar meginvörður og er matur ein þeirra. Hinar vörðurnar eru leiðangrar, útivist, menning og sköpun. Unnin var stefnuýfirlýsing í samstarfi við matreiðslufólk á svæðinu fyrir matarhlutann og þar kemur eftirfarandi fram

- **Við viljum að maturinn okkar beri vott um hreinleika, ferskleika og einfaldleika.**
- **Við bjóðum gestum okkar að taka þátt í matarmenningunni okkar.**
- **Við viljum að maturinn beri vitni um líðandi árstíð.**
- **Við leggjum áherslu á hollustu og úrvalshráefni.**
- **Við berum virðingu fyrir hráefninu og sýnum því væntumþykju.**

Þessum markmiðum er ætlunin að ná með því að efla matarmenningu á svæðinu og tengjast grasrótinni og virkja hana. Nú er verið að vinna í hráefnahandbók þar sem markmiðið er að hafa upplýsingar um framleiðendur og vörur á aðgengilegum stað fyrir alla. Þá stendur til að efla matarklasann, en matarklasinn Austfirskar krásir er til og mikilvægt er að endurvekja hann í samstarfi við þá sem að honum standa. Unnið verður með ljósmyndir af mat og hönnun og í framhaldi verður vöruþróun og saga matarins skoðuð. Þá er Matarauðsverkefnið unnið í samstarfið við verkefnið Brot-hættar byggðir á Borgarfirði eystri og samfélagsverkefnið í Fljótsdalshreppi, auk þess sem unnið er að þróun menntaleiða s.s. Beint frá býli.

Matarauður Austurlands tengist líka fleiri verkefnum sem unnin eru á vegum Austurbrúar. Má þar nefna NORA-verkefni sem Austurbrú er þátttakandi í og nefnist New Nordic Voice. Það verkefni snýst um ferðaþjónustu og matarferðamennsku í Norður Atlantshafi. Árið 2019 var m.a. farið til Grænlands til að kynna matarferðamennsku í Nuuk. Starfsmaður Austurbrúar tók þátt í ráðstefnu í Norður-Noregi sem fjallaði um ferðaþjónustu á jaðarsvæðum og þar var matvælaframleiðsla og matarmenning mjög til umræðu.

Þá fór Austurbrú, í samstarfi við Búnaðarsamband Austurlands, í ferð til Borgundarhólms í Danmörku í júní til að kynna sér matvælaframleiðslu og matarferðamennsku þar. Mjög góð þátttaka var í þeirri ferð og komust færri að en vildu. Í ferðinni voru bændur af Austurlandi í meirihluta en einnig voru þátttakendur frá Hallormsstaðaskóla, Brothættum byggðum og Matarauði Íslands. Ferðin var unnin í samstarfi við Ferða- og byggðaðróunarstofnun á Borgundarhólmi DRT eða Center for regional- og turismeforsking sem Austurbrú hefur um árabil átt gott samstarf við. Borgundarhólmur er vel þekktur sem matareyja þar sem eyjan er mjög sjálfbær með fjölbreytta framleiðslu á matvælum. Heimsótt voru stórbýli, s.s. svínabú en einnig smáframleiðendur á berjum sem öfluðu sinna tekna helst því að selja beint frá býli og bjóða upp á upplifun og kynningu á eigin jörðum.

Verkefnisstjóri matarauðsverkefnisins hefur átt samtöl við fjölmarga veitingaaðila á svæðinu og þar hefur margt áhugavert komið fram. Margir sem rætt hefur verið við nýta eftir fremsta megni staðbundið hráefni (hráefni úr sínu nánasta umhverfi og hráefni frá Austurlandi) og allir sem rætt var við hafa áhuga á því að geta gert það enn betur en vantar upplýsingar um hvað er verið að framleiða og hvar. Hráefnahandbókin



Frá Vallanesi. Ljósmynd: Aðsend.



Bera hot sauce er framleidd á Djúpvaggi. Ljósmynd: Lefever sauce co.



mun þannig gegna stóru hlutverki í að koma þessum upplýsingum á framfæri. Þá er vilji til að vinna með flutningsleiðir og minnka kolefnisfótspor vörunnar eins og hægt er. Þar þurfa stjórnvöld að koma að borðinu til að einfalda regluverk í kringum matvælaframleiðslu og skoða enn betur hvernig jafna má flutningskostnað á landsvísi.

Hafinn er undirbúningur við stóra ráðstefnu sem verður haldin í byrjun október 2020 þar sem framleiðendur, fyrirtæki, frumkvöðlar og grasrótin mun koma saman. Stofnað hefur verið sérstakt fagråd sem vinna mun náið með Austurbrú að því að gera þennan viðburð áhugaverðan fyrir alla sem vilja taka þátt og sækja Austurland heim. Þá er ætlunin að bjóða upp á námskeið eða kynningar fyrir veitingaaðila á svæðinu í samstarfi við upplifunarhönnuð, matreiðslumeistara og fleira fagfólk sem getur aðstoðað okkur við að ná þeim markmiðum sem stefnt er að.

Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir heldur utan um Matarauð fyrir hönd Austurbrúar. „Það er frábært að fylgjast með gróskunni á Austurlandi og má að mörgu leyti þakka Uppbyggingarsjóði Austurlands fyrir stuðninginn við frumkvöðla og aðra sem komið hafa á fót nýjum fyrirtækjum þar sem matur og upplifun er í fyrirrúmi,“ segir Halldóra.

„Sérstaða Austurlands er mikil. Við búum langt frá höfuðborginni og höfum til langs tíma verið dugleg að bjarga okkur. Hér eru margar skemmtilegar hefðir sem tengjast mat og matargerð og er mjög mikilvægt að halda í heiðri. Við þurfum að tryggja að þekkingin flytjist milli kynslóða og glattist ekki. Að sama skapi erum við ótrúlega rík þegar kemur að hráefni, ferskleika og nálægð við náttúruna. Matreiðslumenn og kokkar eru sífellt duglegri að leita fanga í ósnortinni náttúrunni og máta nýtt og ónotað hráefni við það sem við þekkjum svo vel, eins og fiskinn okkar, lamba- og nautakjötið sem við höfum neytt um aldir. Nálægðin við sjóinn og heiðarnar gefa okkur fjölmörg tækifæri í hráefnisöflun og er mikilvægt að nýta allt sem til fellur. Við Austfirðingar, eins og aðrir, höfum til skamms tíma gleymt okkur í lífsgæðakapphlaupinu og ekki alltaf farið vel með hráefni. Matarsóun var mikil hér eins og víðar en sem betur fer höfum við áttað okkur á mikilvægi þess að nýta matinn vel og þannig hafa sprottið fram nýjar uppskriftir eða ný nálgun á framreiðslu matarins. Það verður spennandi að fylgjast áfram með þeirri þróun og taka þátt í uppbyggingunni sem nú þegar er hafin,“ segir Halldóra.

„Tækifærin eru óþrjótandi en áskoranir felast víða. Við sem stýrum matarauðs- verkefninu hjá Austurbrú viljum vera í góðu samtali og samvinnu við grasrótina og hvetjum alla sem áhuga hafa á verkefninu að hafa samband.“



Á Seyðisfirði er Norð Austur, sushi-veitingastaður sem nýtur mikilla vinsælda. Ljósmynd: Hótel Aldan



**Við hlökkum til að gera Austurland að „gourmet“ áfangastað fyrir alla sem vilja sækja okkur heim.**

*Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir*

# Kynningarefni

**Austurbrú hefur umsjón með gerð kynningarefnis af ýmsu tagi og hefur verið minnst á sumt nú þegar. Efnið sem framleitt er í tilgangi markaðssetningar fyrir fjórðunginn er gert undir merkjum Áfangastaðarins Austurlands og vörumerkisins Visit Austurland.**

## Myndabanki

Sýnileiki áfangastaðarins er á margra hendi en einn liður í sýnileika landshlutans er að byggja upp grunnefni sem okkar samstarfsaðilar, blaðamenn og miðlar geta nýtt sér þegar er verið að fjalla um Austurland. Fjölgað hefur verið myndum í ljósmyndabanka. Hann er aðgengilegur á austurland.is á sérstakri innskráningarsíðu sem við látum okkar samstarfsaðilum í té, sem og ferðaskrifstofum og blaðamönnum í gegnum Travel Trade aðgang sem einnig er að finna á síðunni.

## Myndbönd

Á árinu hefur myndefni af helstu perlum Austurlands verið safnað með dróna. Hönnuður sem hefur sérheft sig í kvikun, hönnun og klippingu hreyfimyndefnis gekk til liðs við Austurbrú á árinu. Unnið hefur verið að 10

nýjum og stuttum kynningarmyndböndum sem byggja á áherslum áfangastaðarins Austurlands. eru myndböndin á ensku, þýsku, frönsku, spænsku og íslensku og verða sérstaklega markaðssett á svæðunum eftir markhópum Austurlands. Ljósmyndabankinn uppfyllir allar reglur um höfundarrétt og stór hluti hans er tekinn af fagmönnum sem sérstaklega hafa verið fengnir til verksins, auk þess sem keyptar eru ljósmyndir til að nota í markaðssetningu áfangastaðarins.

## Tímarit Áfangastaðarins Austurlands

Unnið var að framleiðslu tímaritsins Think outside the circle\* en það dregur fram frásagnir og upplifanir af Austurlandi og er nýtt sem markaðsefni til ferðaskrifstofa. Tímaritið kom út í lok árs 2019.

## Afpreyingarbæklingur

Afpreyingarbæklingur sem framleiddur var 2018 var uppfærður auk þess sem hann var þýddur yfir á þýsku í tengslum við ferðasýningu í Þýskalandi, ITB Berlin 2019. Bæklingurinn er sérstaklega hannaður með það í huga að draga saman staðreyndir og setja efni um áfangastaðinn fram í formi sagna sem farþegar flugfélaga segja. Mikil ánægja er með þetta efni sem nýst hefur gríðarlega vel og er verið að byggja meira efni á þessum sömu forsendum.

## Þjónustukort

Híð árlega þjónustukort kom út á vordögum. Var það prentað í 80.000 eintökum og því dreift um land allt. Samhliða dreifingu á kortinu var endurtekið samstarf við Hérðasprent um dreifingu Kompás.



Austurland activity map.



Destination Austurland magazine.



Austurland Activity guide er uppfærður árlega.

### Samfélagsmiðlar og birtingaráætlun

Farið var í sérstaka skoðun á sýnileika áfangastaðarins og helstu perlum á leitarvélum og umsagnarsíðum, s.s. Google og TripAdvisor. Farið var í úrbótavinnu í samstarfi við helstu hagaðila og mun sú vinna halda áfram, enda um mikilvægan verkþátt að ræða.

Á árinu var farið í sérstaka herferð á samfélagsmiðlum með aðstoð Sahara sem er stafræn auglýsingastofa. Farið var í sérstaka framleiðslu efnis á samfélagsmiðla í þessum tilgangi auk þess sem unnið var með Google Adsleitarherferðir og YouTube. Með verkefninu var verið að tryggja góðan sýnileika á leitarvélum og að við náum til fólks sem sýnt hefur áhuga miðað við ákveðnar forsendur. Einnig var farið í „remarketing-herferð“ þar sem unnið var að því að samræma ásýnd mismunandi miðla sem kynna Austurland í þeim tilgangi að auka sýnileika og áhrifamátt þeirra. Fylgjendum fjölgar jafnt og þétt á Facebook-síðunni okkar og sjáum við góðan árangur af aukinni áherslu á samfélagsmiðla.

### East.is

Ferðaþjónustuvefurinn East.is var í stöðugri uppfærslu á árinu 2019, líkt og fyrri ár. Farið var yfir texta, settir inn nýir staðir, myndbönd framleidd sem svo voru hlekkjuð inn á síðuna o.s.frv.

### Austurland.is

Vefurinn Austurland.is opnaði á árinu 2017 og var hugsaður sem lendingarsíða fólks sem leitar að upplýsingum um Austurland. Þá er hann líka innri vefur með fróðleik og verkfærum fyrir samstarfsaðila Austurbrúar. Þar má finna gagnabanka með upplýsingum um helstu innviði svæðisins, ljósmyndabanka, útlitsstaðla, ljósmyndaleiðbeiningar og fleira. Vefurinn er enn í mótun og á árinu var bætt við fasteignavef sem sýnir allar eignir til sölu á Austurlandi og er það frábær viðbót við starfavefinn.

### Sýningar og vinnustofur


Austurbrú tók þátt í ferðasýningu Mid-Atlantic sem haldin var í Reykjavík í lok janúar, ITB Berlín í mars og Vest Norden Travel Mart í Færeyjum í september. Á öllum sýningunum voru þéttbókaðir fundir, bæði af ferðaskrifstofum sem eru nú þegar að selja inn á svæðið sem og nýjum aðilum sem eru að víkka út vöruframboðið sitt og leita að nýjum áfangastöðum á Íslandi.

Sérstakur ráðgjafi með mikla reynslu og tengslanet í alþjóðlega flugrekstrargeiranum fór fyrir hönd Austurbrúar á ferðasýninguna Routes Europe 2019 sem haldin var í Hannover í Þýskalandi í apríl. Mikill undirbúningur var fyrir fundina sem þar áttu sér stað, m.a. með framleiðslu efnis sem nýtt var í kynningum. Í framhaldinu hefur þessu svo verið fylgt eftir með upplýsingamiðlun og svörum við fyrirspurnum eftir að heim var komið.

Mannamót var haldið í byrjun árs og yfir tvö hundruð sýnendur tóku þátt að þessu sinni enda var sýningin færð frá flugskýlinu hjá Erni og haldin í Kórnum í Kópavogi. Sameiginlegt útlit sem prýðir svæði Austurlands á sýningunni vakti að venju mikla athygli en þetta er gott tákni um hvað ferðaþjónustan eystra hefur náð góðum árangri í samvinnu á síðustu árum.

### Móttaka blaðamanna

Unnið hefur verið markvisst að aukinni skilvirkni og samskiptum í tengslum við blaðamannaferðir, m.a. með aðstoð Íslandsstofu. Unnið hefur verið á grundvelli áherslna fyrir svæðið um upplifunarbemu sem skilar sér í markvissari umfjöllun um svæðið. Á árinu var tekið á móti nokkrum hópum af blaðamönnum, m.a. frá Bandaríkjunum, Kanada, Frakklandi, Ítalíu og Þýskalandi. Töluverð ásókn er frá blaðamönnum að koma á Austurland. Unnið er að mati á beiðnum og forgangsroðun þeirra sem tekið er á móti í samráði við Íslandsstofu.



Hólmanes. Ljósmynd: Björn Steinbekk.

## Brothættar byggðir

Markmiðið með Brothættum byggðum er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og sveitum landsins. Verkefnið er unnið með því að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélag, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra. Verkefnið er samstarfsverkefni Austurbrúar, Byggðastofnunar og viðkomandi sveitarfélags. Eitt sveitarfélag á Austurlandi er nú þátttakandi í verkefninu, Borgarfjörður eystri, og ber verkefnið heitið Betri Borgarfjörður.

Á vormánuðum var sjö milljónum króna úthlutað í styrki til atvinnuuppbyggingar og samfélagseflandi verkefna en frá því verkefnið hófst hefur samtals fjórtán milljónum króna verið úthlutað í styrki og góður gangur verið í flestum verkefnanna. Þrjú ný fyrirtæki hafa tekið til starfa og önnur vaxið og dafnað. Hæst bar á árinu þegar hjúkrunarfræðingur hóf aftur dagleg störf á Borgarfirði og heilbrigðisþjónusta var þannig stóraukin. Þessari breytingu var náð fram með samstilltu átaki verkefnisstjórnar, Borgarfjarðarhrepps og Heilbrigðisstofnunar Austurlands.

**Verkefnisstjórn:** Alda Marín Kristinsdóttir



Borgarfjörður eystri. Ljósmynd: Jessica Auer.

## Innviðagreining Fjarðabyggðar

Á árinu 2019 gerði Austurbrú samning um að vinna innviðagreiningu fyrir Fjarðabyggð og hófst vinnan seinni part sama árs. Innviðagreiningunni er ætlað að draga fram styrkleika Fjarðabyggðar fyrir þá sem hafa áhuga á að fjárfesta innan sveitarfélagsins.

Unnið verður að því að setja niðurstöður greiningarinnar fram á myndrænan og skýran hátt. Þetta er önnur innviðagreiningin sem Austurbrú vinnur fyrir sveitarfélag en árið 2018 lauk vinnu við innviðagreiningu fyrir Fljótsdalshérað.



Neskaupstaður. Ljósmynd: Páll Guðmundur Ásgeirsson.

**Verkefnisstjórn:** Esther Ösp Gunnarsdóttir

## Strætisvagnar Austurlands

Mikilvægi almenningsgangna á landsbyggðinni hefur sjaldan verið meiri og SvAust heldur utan um akstur almenningsvagna á Austurlandi. Heildstætt almenningsgangnakerfi hefur verið rekið af SvAust undan farin ár og í samstarfi SSA, Vegagerðarinnar og Alcoa er unnt að tengja saman byggðakjarna á svæðinu með tíðum ferðum.

Á árinu 2019 var samningur Vegagerðarinnar um almenningsgangöngur við landshlutasamtökin fram- lengdur til ársloka 2019. Austurbrú hýsir verkefnið en gerður var samningur árið 2018 milli SSA og Austurbrúar um daglega umsýslu SvAust.



Strætisvagnar Austurlands. Ljósmynd: Rhombie Sandoval.

**Verkefnisstjórn:** Jódís Skúladóttir



***Menningarlæsi og sköpun  
ýtir undir frumkvæði og  
gagnrýna hugsun.***

*Hanna Christel Sigurþórsdóttir  
fræðslufulltrúi Skaftfells*

Frá Hápunkti BRAS - Menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi. Ljósmynd: Ingvi Örn Þorsteinsson.

## Menningarstarf á Austurlandi

**Verkefnisstjórn:** Signý Ormarsdóttir.

Menningarstarf á Austurlandi er áhersluverkefni Sóknaráætlunar Austurlands 2019 og unnið af Austurbrú. Verkefnið felst í áframluuppbyggingu og vörslu þess öflugra og faglega menningarstarfs sem unnið hefur verið að til margra ára á Austurlandi. Starfsmenn Austurbrúar sinna mismunandi verkefnum á sviði menningar í landshlutanum og út fyrir hann. Talsverður þáttur í þeirri vinnu er ýmis konar samstarf við sveitarfélög, menningarstofnanir og landshlutasamtök. Þá er ráðgjöf og hvatning til starfandi listamanna í landshlutanum hluti af starfinu og listamenn víða að leita til



BRAS - menningarhátíð barna og ungmenna er samstarfsverkefni sveitarfélaga og menningarmiðstöðva en Austurbrú heldur utan um verkefnið. Ljósmynd: Ingvi Örn Þorsteinsson

Austurbrúar til að mynda tengsl á Austurlandi. Stóra verkefni Austurbrúar í menningarmálum síðustu tvö ár er uppbygging BRAS menningarhátíðar barna og ungmenna á Austurlandi. Þá er unnið að því að efla Daga myrkurs sem fara fram árlega í byrjun nóvember. Bæði þessi verkefni kalla á öflun fjármagns í gegnum sjóði, sveitarfélög og fyrirtæki og er sú vinna á höndum Austurbrúar, auk verkefnastjórnar og allrar umsýslu þótt að samstarfsaðilarnir séu margir og stefnumörkun sé í höndum stýrihópa verkefnanna.

Hjá Austurbrú er menningin hluti af áfangastaðauppbyggingu Austurlands auk þess sem starfsmenn í menningarmálum koma að uppbyggingu matarmenningar í landshlutanum. Samstarf menningarmiðstöðvanna þriggja er leitt af Austurbrú auk samstarfs við verkefni eins og List fyrir alla og margra annarra verkefna í lengri eða styttri tíma.



## Menningar- miðstöðvar og efling jaðarsvæða á Austurlandi

Á Austurlandi starfa þrjár menningarmiðstöðvar með mismunandi listrænar áherslur: Skaftfell á Seyðisfirði, Tónlistar- miðstöð Austurlands á Eskifirði og Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs. Samkvæmt samningi SSA og ríkisins í gegnum sóknaráætlun landshlutans kemur fjármagn til miðstöðvanna að jöfnu við framlag sveitarfélaganna. Austurbrú hefur það hlutverk að vera leiðandi í samstarfi miðstöðvanna og standa fyrir reglulegum fundum með þeim. Síðustu tvö árin hefur samstarfið farið að miklu leiti til eflingar barnamenningar enda miðstöðvannar í fararbroddi þeirrar vinnu sem verið hefur í uppbyggingu BRAS menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi.

Eitt af áhersluverkefnum í menningarmálum Sóknaráætlunar Austurlands er efling menningar í jaðarbyggðum Austurlands, Djúpavogi og Vopnafirði. Sveitarfélögin leggja jafnmikið fjármagn á móti og er það fyrst og fremst ætlað, líkt og hjá menningar- miðstöðvunum, til nýsköpunar og þróunarvinnu á sviði lista, menningar og menningarlæsis.

**Verkefnisstjórn:** Signý Ormarsdóttir



Sláturhúsið menningarsetur. Ljósmynd: MMF/Sláturhúsið.

## BRAS - menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi

BRAS menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi var haldin í annað sinn árið 2019. Einkunnarorð hátíðarinnar voru áfram *Pora! Vera! Gera!* en þema ársins var Tjáning án tungumáls. Austurbrú stýrði verkefninu í góðu samstarfi við menningarmiðstöðvarnar þrjár á Austurlandi, þ.e. Skaftell á Seyðisfirði, miðstöð myndlistar, Tónlistarmiðstöð Austurlands, í Fjarðabyggð og Menningarmiðstöð Fljótsdalshérað, Sláturhúsið á Egilsstöðum.

Auk þess tóku sveitarfélögin virkan þátt ásamt félagsamtökum og íbúum. Eftir því var tekið hversu viðburðum fjölgaði frá árinu áður og þátttaka jókst að sama skapi. Ítarlega umfjöllun um hátíðina má finna annars staðar í ársritinu.

**Verkefnisstjórn:** Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir



Hápunktur BRAS var haldinn í íþróttamiðstöðinni á Egilsstöðum. Ljósmynd: Ingví Örn Þorsteinsson.

## Dagar myrkurs

Hátíðin Dagar myrkurs var haldin á Austurlandi 30. október til 3. nóvember og hélt Austurbrú utan um skipulag og markaðssetningu að vanda. Í apríl var boðað til málþings um framtíð Daga myrkurs. Þar kom fram skýr vilji til að halda áfram að fagna myrkrinu og var myndaður nýr stýrihópur um verkefnið. Stýrihópurinn setti fram nýja aðgerðaáætlun þar sem hátíðin var endurskilgreind:

Dagar myrkurs eru sameiginleg byggðahátíð allra íbúa á Austurlandi sem hefur það að markmiði að hvetja til samveru íbúa. Hátíðin hefur sterka tengingu við íslenska og keltneska siði frá fornri tíð.

Segja má að hátíðin í ár hafi tekist einstaklega vel, mikil aukning var á þátttöku sveitarfélaga, fyrirtækja, stofnana og íbúa. Samfélagsmiðlar voru nýttir til að vekja athygli á verkefninu og tókst það mjög vel. Blásið var til ljósmynda-samkeppni þar sem þemað var Manneskjan í myrkrinu og bar Guðný Lára Guðrúnardóttir, frá Seyðisfirði, sigur úr bítum. Mikill hugur er í stýrihópnum um að gera enn betur á næsta ári og virkja alla íbúa til þátttöku.

**Verkefnisstjórn:** Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir



Í tengslum við Daga myrkurs var haldin ljósmynda-keppni. Sigurmyndina, sem sjá má hér að ofan, á Guðný Lára Guðrúnardóttir.

## Miðstöð menningarfræða

Þann 25. september 2015 var gerður samningur milli Seyðisfjarðarkaupstaðar og Sambands sveitarfélaga á Austurlandi um eflingu menningar á Seyðisfirði og er Seyðisfjarðarkaupstaður með samning við Austurbrú um að sinna verkefninu. Á árinu 2019 var farið í vinnu við nýjan vef ([visitseydisfjordur.com](http://visitseydisfjordur.com)) og er hann kominn í loftið á ensku. Vinna við íslenskar þýðingar er á höndum Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Tónleikaröðin Bláa kirkjan var að venju haldin en alls var um að ræða sex tónleika. Tónleikaröðin er orðin vel þekkt um land allt og berst fjöldi umsókna ár hvert frá tónlistarfólki í fremstu röð. Færri komust að en vildu og má því segja að tónleikaröðin sé mikilvægur vettvangur fyrir íslenskt tónlistarfólk. Ljóst er að mikilvægi hennar er gríðarlega mikið enda er takmarkaður vettvangur fyrir tónlist af fjölbreyttu tagi á Austurlandi. Þrátt fyrir að meirihluti gesta sé af erlendu bergi brotinn eru heimamenn engu að síður duglegir að mæta. Tónleikaröðin er því mikilvægur þáttur í tónlistarlífi á Austurlandi.

Helstu verkefni er tengjast Tæknimínjasafninu voru seinni hluta árs. Á árinu vann verkefnastjóri með forstöðumanni við fjölda verkefna, t.a.m. gerð umsókna í ýmsa sjóði, gerð samantektar um eignarhald á húsnæði sem Tæknimínjasafnið hefur umsjón með og aðstoð og gerð eignardómsstefnu til þess að safnið geti eignast Skipasmíðastöðina.

Unnið var að endurútgáfu Húsasögu Seyðisfjarðar en útgefandi bókarinnar er Seyðisfjarðarkaupstaður og höfundur er Þóra Guðmundsdóttir. Verkefnastýring er á höndum Miðstöðvar menningarfræða en vinna við verkefnið hófst árið 2017 og hafa nokkrir starfsmenn Austurbrúar komið að endurútgáfunni. Ákveðið var að fara í töluverðar breytingar á bókinni og voru allir textar rýndir og endurskrifaðir. Bókin verður gefin út á 125 ára kaupstaðarafmæli Seyðisfjarðarkaupstaðar á árinu 2020.

**Verkefnisstjórn:** Signý Ormarsdóttir



Tónleikaröð Bláa kirkjunnar er mikilvæg í menningarlífi Seyðisfirðinga.  
Ljósmynd: Rhombie Sandoval.

## BRAS menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi



Krítargólfíð á HÁpunktinum. Ljósmynd: Sebastian Ziegler.

Að frumkvæði Austurbrúar var sumarið 2017 búinn til lítill vinnuhópur á Austurlandi með það að markmiði að auka aðgengi barna og ungmenna á Austurlandi að listnámi og -viðburðum en vinna samhliða með styrkleika fámennisins. Fylgst hafði verið með þróun barnamenningar á höfuðborgarsvæðinu og víðar um Evrópu. Vitað var að rannsóknir sýndu að skýrar vísbendingar væru um að börn sem fengju góða listkennslu væru óhræddari að takast á við verkefni, hvíldu öruggari í sjálfum sér, stæðu sig betur í námi og væru ólíklegri til að hætta í skóla. Í framhaldi af þessari vinnu varð BRAS menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi til og hátíðin var fyrst haldin haustið 2018.

Í leiðarljósi BRAS segir að menning sé órjúfanlegur hluti af sjálfsmynd barna og ungmenna og sjálfstjáníngu þeirra. Þar segir einnig að BRAS skuli stuðla að auknu framboði og bættu aðgengi að list- og menningarviðburðum fyrir börn og ungmenni og vinna þannig markvisst að því að bæta sjálfsmynd barna og ungmenna, auk þess að hafa jákvæð áhrif á almenna líðan þeirra og viðhorf. Ekki síður skuli tryggja aðgengi þeirra og þátttöku að fjölbreyttum og skapandi listviðburðum í heimabyggð.

**Verkefnisstjórn:** Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir og Signý Ormarsdóttir.

Haustið 2017 stóð Austurbrú fyrir málþingi um barnamenningu þar sem sérfræðingar og brautryðjendur á því sviði komu saman og kynntu fjölbreytta og skapandi vinnu með og fyrir börn. Auk þess var flutt erindi af formanni leikfélags Menntaskólans á Egilsstöðum þar sem fram kom áskorun frá unga fólkinu um að bjóða upp á námskeið og námsleiðir fyrir börn og unglinga í sköpun og skapandi hugsun. Þetta var áhugavert erindi sem vakti bæði athygli og umhugsun. Að afloknu málþingi var ákveðið að hefja vinnu í mótun barnamenningarhátíðar sem færi fram haustið 2018. Barnamenning

var áhersluverkefni í Sóknaráætlun Austurlands og í framhaldi af þeirri ákvörðun var myndaður formlegur stýrihópur. Í honum sátu fulltrúi Austurbrúar, fulltrúar menningarmiðstöðvanna þriggja á Austurlandi (sem gegndu lykilhlutverki í mótun á BRAS), fulltrúi frá Skólaskrifstofu Austurlands og menningarfulltrúar Fljótshéraðs og Fjarðabyggðar. Niðurstaðan var að stofna BRAS menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi þar sem einkunnarorðin voru *Þora! Vera! Gera!* Markmiðið var að hvetja börn til að standa með sjálfum sér og framkvæma á eigin forsendum.

Undirmerkið verkefnisins

- **Veita börnum og ungmennum á Austurlandi aukinn aðgang að listnámi og -starfi.**
- **Kynna börn fyrir faglegum aðferðum í listum og veita fjölbreyttar fyrirmyndir á sviði lista.**

- **Hvetja börn til að þora að hvíla í sjálfum sér, skapa og framkvæma á eigin forsendum.**
- **Auka menningarlæsi á Austurlandi.**



Vinnustofa í Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði. Ljósmynd: Menningarstofa Fjarðabyggðar.



Frá sirkusmiðju á Egilsstöðum. Ljósmynd: Menningarstofa Fjarðabyggðar.

BRAS skal haldið á haustin til þess að marka upphaf vetrarins með kraftmiklu, skapandi starfi og leggja þannig línurnar fyrir skapandi og skemmtilegan vetur. Gott samstarf náðist strax við skólastjórnendur í grunn- og leikskólum en það skipti höfuðmáli til að tryggja jafnan aðgang allra barna að verkefninu.

Dagskrá BRAS 2018 var tvískipt; annars vegar opin dagskrá þar sem foreldrar voru hvattir til að upplifa listviðburði og vinnustofur með börnum sínum og hins vegar lokuð dagskrá sem fór fram í skólum og menningarmiðstöðvum. Þá tóku menningarstofnanir á Austurlandi þátt í BRAS með eigin verkefnum bæði haustið 2018 og 2019 sem var mjög ánægjulegt.

Markmið ársins voru:

- **Kynna börnum aðferðir myndlistar, tónlistar, dans og sirkuss sem leið til tjáningar, samveru og fjölbreyttrar skapandi vinnu.**
- **Opna augu og hjörtu barna og ungmenna á Austurlandi fyrir mikilvægi samveru, samkenndar og samstöðu í samfélaginu.**
- **Gefa börnum tækifæri á að kynnst á nýjan hátt og skilja hvert annað út frá nýjum forsendum.**
- **Stuðla að aukinni virðingu og umburðarlyndi meðal barna og ungmenna.**
- **Fá börn til að meta að verðleikum fjársjóðinn sem felst í aðgengi að ólíkum menningarheimum.**
- **Nota listsköpunina til að byggja brýr á milli þjóðerna, aldurshópa og byggðakjarna.**



Tónleikar Maxímús Músíkús í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Austurlands og Norðurlands. Ljósmynd: Sebastian Ziegler.



Frá vinnusmiðju í Sláturhúsinu. Ljósmynd: Sebastian Ziegler.

Sérstök áhersla var lögð á aðgengi allra barna að viðburðum og náðist frábært samstarf við grunn-, leik- og menntaskóla auk þess sem sveitarfélög, stofnanir og félagasamtök tóku virkari þátt en áður. Til viðbótar var mjög gott samstarf við *List fyrir alla*, verkefni á landsvísu á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Dagskráin var mjög metnaðarfull. Hápunktur BRAS fór fram um miðjan september en þá var fjölskyldum á Austurlandi boðið upp á frábæra listviðburði í íþróttamiðstöðinni á Egilsstöðum. Umboðsmaður barna opnaði hátíðina þar sem sirkusfólk frá Sirkus Íslands/Hringleik var með sýningu og var hluti af þeirri sýningu með þátttöku ungmenna víða af Austurlandi sem unnið höfðu í smiðjum hjá Hringleik dagana á undan. Til sýnis voru ýmis konar afurðir úr smiðjum BRAS, auk þess sem haldið var diskótek í lok dagskrár. Húsfyllir var í íþróttamiðstöðinni og fór mæting og framkvæmd hátíðarinnar fram úr björtustu vonum. Sirkusinn var auk þess með sýningar fyrir alla grunnskólakennendur á Austurlandi í boði *Listar fyrir alla* og BRAS bauð uppá sirkussmiðjur víða um fjórðunginn. Þessu til viðbótar stóðu menningarmiðstöðvarnar þrjár fyrir metnaðarfullri dagskrá: Skaftfell bauð uppá verkefnið *Íslensk alþýðulist - listsmiðja*, Tónlistarmiðstöð Austurlands skipulagði verkefnið *Upptaktinn* og bauð auk þess upp á tónleikana *Maxímús Músíkús* í samstarfi við Sinfóníuhljómssveit Austurlands og Norðurlands og Menningarmiðstöð Fljótisdalshéraðs vann fræðsluverkefni út frá sýningunnninni *Sunnifa - því ég var eins eftir sem fyrir undir hans valdi*.

Að hátíðinni lokinni var send út spurningakönnun til þátttökuaðila. Meginniðurstaðan var sú að mikil ánægja ríkir með BRAS og greinilegt er að áhugi er á því að halda áfram með hátíðina. Það er því ljóst að hátíðin BRAS er komin til að vera og mikill hugur er í stýrihópnum að vinna áfram að framgangi verkefnisins. Blásið verður til veislu árið 2020 og standa vonir til þess að hægt verði að tryggja fjármagn áfram en það er meginforsenda þess að hægt verði að bjóða uppá stóra listviðburði sem öll börn og ungmenni á svæðinu geta notið góðs af. Vinnan við BRAS 2020 hófst um leið og hátíðinni 2019 lauk og er ætlunin að taka verkefnið enn lengra. Ákveðið hefur verið að bjóða ungmennum úr elstu bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum sæti í stýrihópnum því það er mjög mikilvægt að þeirra raddir fái að heyrast við skipulag næstu hátíð. Einnig verður unnið á enn meðvitaðri hátt út frá Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en sáttmálinn leggur mikla áherslu á lýðræði og virka þátttöku barna og ungmenna. Á vormánuðum 2020 verður dagskrá þriðju BRAS hátíðarinnar kynnt og er það von okkar, sem að verkefninu stöndum, að hátíðin verði enn stærri, fjölbreyttari og glæsilegri en áður og að fyrirtæki, stofnanir og íbúar sjái hag sinn í að taka þátt.

Allar upplýsingar um hátíðina má finna á [bras.is](http://bras.is)



Frá vinnustofunni *Krakkar prenta* sem haldin var í Tæknimínjasafninu á BRAS 2019. Ljósmynd: Ingvi Örn Þorsteinsson.



**Rannsóknir sýna að börn sem fá góða listkennslu standa sig betur í námi og eru ólíklegri til að hætta í skóla.**

*Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir*




## Aðstoð við frumkvöðla

Ráðgjöf við frumkvöðla er veitt í Austurbrú þar sem lögð er áhersla á að greina hvar frumkvöðull er staddur með sína hugmynd og hvaða aðstoð hann vantar til að komast áfram með hana. Einnig er stutt við að kortleggja hugmyndina vel og hvaða styrkleika viðkomandi hefur til að koma henni í framkvæmd.

Austurbrú hefur gott tengslanet og á í góðu samstarfi við aðra sem hafa sérhæfða þekkingu til að styðja við mismunandi þarfir frumkvöðla. Með því að nýta tengslanet sitt og tengja frumkvöðla – eftir því hvar skóinn kreppir – við stoðkerfi annarra stofnana, s.s. NMÍ, Byggðastofnun, Ferðamálastofu eða einkaaðila sem veita viðeigandi þjónustu, fá frumkvöðlar þjónustu og þekkingu við hæfi. Þá eru möguleikar til fjármögnunar á fyrstu skrefum skoðaðir, t.d. hvaða styrkir eru í boði fyrir viðkomandi hugmynd og með aðstoð við gerð styrkumsókna. Kynningarfundir frá NMÍ, Byggðastofnun, Rannís og fleiri aðilum úr stoðkerfinu eru haldnir reglulega og möguleikar á fjármögnun frá þessum aðilum eru kynntir. Aðstoð við umsóknarferli í tengslum við Uppbyggingarsjóð er alltaf í boði í formi einstaklingsráðgjafar og vinnustofur eru haldnar á öllum starfsstöðvum Austurbrúar.

**Verkefnisstjórn:** Jónína Brynjólfssdóttir



Í Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði er vinnuaðstaða fyrir listamenn. Ljósmynd: Ingvi Örn Þorsteinsson.

## Leiðar- og markaðssjóður

Framkvæmdastjóri Austurbrúar situr í stjórn leiðar- og markaðsþróunarsjóðs fyrir Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöll. Á árinu var 2018 var fundað reglulega í stjórn flugþróunarsjóðs en í henni sitja fulltrúar frá Austurbrú, Markaðsstofu Norðurlands, Isavia, Íslandsstofu, atvinnuvegaráðuneytinu, forsætisráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu. Undirhópur starfar með stjórn sem rýnir umsóknir ásamt stjórn sjóðsins og situr í honum fyrir hönd Austurbrúar María Hjálmaradóttir, verkefnastjóri.

Á árinu var vann Austurbrú ásamt Markaðsstofu Norðurlands, Isavia og Íslandsstofu, ásamt utanaðkomandi ráðgjafa, að greiningu með hvaða hætti sé hægt að koma bæði sjóðnum og svæðunum betur á framfæri til erlendra flugfélaga. Austurland og Norðurland hafa verið mjög samstíga, bæði varðandi samtöl við ráðuneytin og aðra sem að umgjörð sjóðsins koma.

**Verkefnisstjóri:** Jóna Árný Þórðardóttir




Mjóifjörður. Ljósmynd: Jessica Auer.

## Innanlandsflug

Í samgönguáætlun sem kynnt var á árinu var gert ráð fyrir innleiðingu skosku leiðarinnar í framhaldi af vinnu starfshóps sem framkvæmdastjóri Austurbrúar sat í á árinu 2018. Tók Austurbrú á árinu þátt í fjölmörgum fundum þar sem áhersla var lögð á mikilvægi þess að jafna aðstöðumun þeirra sem búa fjærst höfuðborginni. Í fjárlögum 2020 sem samþykkt voru í desember 2019 var samþykkt fjárveiting sem gerir ráð fyrir innleiðingu skosku leiðarinnar frá og með 1. september 2020. Var framkvæmdastjóri Austurbrúar í framhaldinu skipaður í starfshóp um tæknilega útfærslu leiðarinnar fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga, ásamt fulltrúum flugfélaganna og Vegagerðarinnar sem fer með málefni almenningsamgangna. Mun þessi vinna fara fram á árinu 2020.

**Verkefnisstjórn:** Jóna Árný Þórðardóttir



Egilsstaðaflugvöllur. Ljósmynd: Ingvi Örn Þorsteinsson.

## Efling Egilsstaðaflugvallar

Eins og undanfarin ár hefur á vettvangi verkefnisins verið rætt við flugfélög og ferðaskrifstofur með áherslu á tækifærin sem felast í Egilsstaðaflugvelli. Á árinu var gott samstarf á milli Markaðsstofu Norðurlands og Austurbrúar í vinnslu flugvallaverkefnanna og tóku stofnanirnar þátt í málþingum hjá hvor annarri er vörpuðu kastljósi á mikilvægi þessara valla. Austurbrú hélt, í tengslum við aðalfund sinn vorið 2019, málþing sem bar yfirskriftina Ferðalag ferðamannsins og fisksins að austan. Flutt voru erindi sem snéru bæði að farþega- og vöruflugningum og hvar tækifærin væru fyrir Egilsstaðaflugvöll. Þá tók framkvæmdastjóri Austurbrúar þátt í málþingi og vinnustofu á Akureyri er bar yfirskriftina Flug til framtíðar og fjallaði um hvaða máli flugið skiptir fyrir framtíð landsbyggðanna. Austurbrú og Markaðsstofa Norðurlands fengu með góðu samstarfi viðbótarfjármagn frá atvinnuvegaráðuneytinu á árinu

2019 til að auka slagkraft flugvallaverkefnanna með áherslu á sýnileika gagnvart flugfélögum og framleiðslu á markaðs- og kynningarefni fyrir áfangastaðina. Á Austurlandi var unnið áfram með framleiðslu á styttri myndböndum til kynningar á flugvellingum sem og áfangastaðnum Austurlandi til notkunar á samfélagsmiðlum. Einnig var unnið að enn frekari þróun ljósmyndabankans, uppfærslu og þýðingu bæklinga og annars efnis á fleiri tungumál auk þess sem sýnileiki áfangastaðarins á vefmiðlum var aukinn. Þá var unnið í kynningu á áfangastaðnum og flugvellingum gagnvart innlendum og erlendum ferðaskrifstofum og tekið á móti fjölda blaðamanna. Ráðinn var utanaðkomandi ráðgjafi, Björn Ingi Knútsson, sem tók þátt fyrir hönd Austurbrúar í sérhæfðri sýningu fyrir nýja áfangastaði, Routes, sem haldin var í Þýskalandi í byrjun apríl. Í framhaldi af Routes hefur verið unnið að styrkingu

tengsla við áhugasama með því að senda markaðsefni, svara upplýsingum og deila hugmyndum. Í samvinnu við Markaðsstofu Norðurlands hafa síðan innviðir og áfangastaðurinn verið kynntur fyrir ferðaskrifstofum sem flogið hafa undanfarið til Akureyrar.

Á árinu var unnið að nýrri flugstefnu fyrir Ísland á vettvangi stjórnvalda. Hefur Austurbrú fylgst með þeirri vinnu og tekið þátt í umfjöllun á ýmsum vettvöngum sem stofnunin starfar á. Þær áherslur sem unnið hefur verið eftir snúa að skilgreiningu á Egilsstaðaflugvelli sem 1. varaflugvallar fyrir Keflavík. Þá hefur verið fylgt eftir málefnum er snúa að samkeppnishæfni vallarins og má þar m.a. nefna áherslu í byggðaaætlun er fjallar um eldsneytiskostnað.

**Verkefnisstjórn:** Jóna Árný Þórðardóttir



Egilsstaðaflugvöllur. Ljósmynd: Ingvi Örn Þorsteinsson



Úr kynningarmynd um áfangastaðinn Austurland.




Undirbúningur vegna uppfærslu ljósmyndabanka hófst. Ljósmynd: Jessica Auer.

## Samstarf atvinnu- þróunarfélaga

Ársfundur Byggðastofnunar og vorfundur atvinnuþróunarfélaga var haldinn á Akureyri og Siglufirði dagana 10.-11. apríl auk þess sem haustfundur atvinnuþróunarfélaga var haldinn á Ísafirði í lok október. Á fundunum var farið yfir sameiginleg málefni atvinnuþróunarfélaganna, fjöldi fyrirtækja á viðkomandi svæðum voru heimsótt og rætt um bæði nýsköpun og þróun. Nýsköpunarráðherra sótti haustfundinn og voru málefni nýsköpunar á landsbyggðinni rædd ásamt málefnum ferðaþjónustunnar. Austurbrú tekur virkan þátt í umræðum um þróun nýsköpunarumhverfisins og hefur fylgt eftir á sínum vettvangi m.a. áherslum er snúa að þróun styrkjakerfisins, sem og stuðningsumhverfisins fyrir nýsköpun á landsbyggðinni.

Framkvæmdastjórar atvinnuþróunarfélaganna funda reglulega ásamt fulltrúum Byggðastofnunar auk þess sem félögin miðla upplýsingum sín á milli og deila þekkingu og reynslu – bæði hvað varðar verkefni og ýmsa innviði til starfseminnar. Þá vinna félögin saman að ýmsum viðburðum í samstarfi við Byggðastofnun og fleiri aðila. Í byrjun árs var haldin ráðstefna í Hveragerði um samþættingu áætlana og tók framkvæmdastjóri Austurbrúar þátt í undirbúningshópi Byggðastofnunar fyrir hana. Þótti ráðstefnan takast vel og draga fram mikilvægi þess að tengja áætlanir mismunandi aðila saman til hámarksárangus. Einnig tók Austurbrú þátt í undirbúningi og framkvæmd ráðstefnu sem fram fór samtímis á nokkrum stöðum á landinu og bar yfirskriftina Tækifæri dreifðra byggða í fjórðu iðnbyltingunni.

**Verkefnisstjórn:** Jóna Árný Þórðardóttir



Landsendi. Ljósmynd: Jessica Auer.

## Samstarf við Vopnafjarðarhrepp

Nú er unnið að endurnýjun samnings Vopnafjarðarhrepps við Austurbrú. Stefnt er að því að starfsmaður á Vopnafirði vinni áfram að verkefnum í tengslum við atvinnu- og byggðaþróun, menntun, menningu og markaðsmál. Auk þess er hann tengiliður á milli Austurbrúar og Vopnafjarðarhrepps í ýmsum verkefnum og sinnir fjarnemum á framhaldsskóla- og háskólastigi.

**Verkefnisstjórn:** Kristjana Louise Friðbjarnardóttir



Vopnafjörður. Ljósmynd: Rhombie Sandoval.

## Fögur framtíð í Fljótsdal

Fljótsdalshreppur gerði samning við Austurbú um að hafa með höndum umsýslu verkefnisins Fögur framtíð í Fljótsdal undir lok árs 2019. Verkefnið fellur að hugmyndafræði verkefna Bygðastofnunar á Brothættum byggðum.

Austurbú auglýsti eftir verkefnastjóra og var Ásdís Helga Bjarnadóttir ráðin í verkefnið. Unnið er í nánú samstarfi við Samfélagsnefnd Fljótsdalshrepps er fer með yfirumsjón verkefnisins og mótar stefnu og áætlanir sem fylgt er eftir. Verkefnið mun standa samkvæmt samningi til ársloka 2022.

**Verkefnisstjórn:** Ásdís Helga Bjarnadóttir




Kláfurinn yfir Jökulsá í Fljótsdal. Ljósmynd: Rhombie Sandoval.

## Uppbyggingarsjóður Austurlands

Uppbyggingarsjóður Austurlands varð til árið 2015 sem hluti af Sóknaráætlun Austurlands og hefur verið úthlutað árlega úr sjóðnum síðan. Í samningi ríkisins og Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) um Sóknaráætlun landshlutans er gert ráð fyrir að lágmark 55% af grunnframlagi sjóðsins renni í Uppbyggingarsjóð Austurlands. Austurbrú sér um umsýslu sjóðsins og vinna við það fer fram allt árið.

Nýtt fagráð og ný úthlutunarnefnd, skipuð af SSA, tekur til starfa á hverju vori. Úthlutunarnefndin fundar að hausti og ákveður tíma- setningar og annað í kringum umsóknarferlið. Í framhaldi af því er auglýst eftir umsóknum síðari hluta árs og er markmiðið að úthluta styrkjum í lok janúar eða byrjun febrúar. Þessi markmið hafa náðst síðustu ár. Eins og verklagsreglur sjóðsins gera ráð fyrir á ákveðin endurnýjun í fagráðum og úthlutunarnefnd að eiga sér stað og koma því alltaf nýir aðilar að inn. Á árinu fólst að venju mikil vinna í umsóknarferlinu, frágang gagna til fagráða og úthlutunarnefndar, samningagerð og frágangi að lokinni úthlutun styrkja, auk yfirlesturs og mats framvindu- og lokaskýrslna allra verkefna sem hlutu styrki. Verkerlar eru í nokkuð föstum skorðum en þó alltaf endurskoðaðir út frá athugasendum fagráða og úthlutunarnefndar.

Úthlutun styrkja úr Uppbyggingarsjóði Austurlands fór fram í Vala- skjálf á Egilsstöðum þann 28. janúar 2019. Úthlutað var núnum 60 milljónum króna til 61 verkefnis sem efla munu atvinnuþróun og menningu í landshlutunum. Alls bárust 116 umsóknir sem er svipaður fjöldi og síðustu ár. Áætlaður heildarkostnaður verkefna var 568 m.kr. Til menningarmála voru veittir þrjátíu styrkir að upphæð 27.900.000 kr. samtals og að auki átta styrkir til stofn- og rekstrarverkefna á sviði menningar, samtals 8.150.000 kr. Til atvinnuþróunar voru veittir tuttugu og fimm styrkir að upphæð 24.266.000 kr. alls. Í fyrsta skipti var útbúinn fallegur bæklingur með lýsingu á verkefnunum sem hlutu styrk auk ávarps formanns úthlutunarnefndar, Ástu Kristínar Sigurjónsdóttur.



Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði. Ljósmynd: Esther Ösp Gunnarsdóttir.



Verkefni voru fjölbreytt eins og áður en í úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðs Austurlands 2019 var sérstaklega kallað eftir verkefnum sem tengdust mat og matarmenningu hvers konar.

Meðal nýrra verkefna á því sviði voru eftirfarandi verkefni:

**Sauðagull - vinnsla á afurðum úr sauðamjólki**

**Matarleikhúsi í Óbyggðasetrinu í Fljótsdal**

**Matur eins og amma gerði - unnið með eldri hefðir í matargerð**

**Fiskilummur í boði í Bókakaffi**

**Fullvinnsla og sala á gröfnum þorski**

Ný menningarverkefni voru einnig á boðstólum og má þar nefna:

**Leikritið Skarf eftir Kolbein Arnbjörnsson, frumsýnt á Seyðisfirði og árið 2020 í Þjóðleikhúsinu**

**Kvikmynd um Eiðaskóla**

**Ný verk og eldri flutt af nýrri Sinfóníuhljómsveit Austurlands**

**Óperuna Raven's kiss (Koss hrafnsins)**

Úthlutun styrkja samkvæmt áherslum Sóknaráætlunar Austurlands 2015-2019 var því í síðasta sinn árið 2019. Ný sóknaráætlun fyrir Austurland var unnin á tímabilinu júní til nóvember 2019 og um hana má lesa á öðrum stað í þessari skýrslu.

**Verkefnisstjórn:** Signý Ormarsdóttir  
og Tinna K. Halldórsdóttir



Sauðagull er í eigu Ann-Marie Schlutz.  
Ljósmynd: Gunnar Gunnarsson



Matarleikhúsið er hugsað sem markaðstorg fyrir smáframleiðendur til að kynna afurðir sínar með áhrifaríkum hætti.



Skarfur er einleikur eftir Kolbein Arnbjörnsson.  
Ljósmynd: Guðný Lára Guðrúnardóttir.



Veggmynd eftir Elínu Elísabetu Einarsdóttur á Búðinni á Borgarfirði eystri. Ljósmynd: Jessica Auer.

## Menntun og rannsóknir



Ljósmynd: Rhombie Sandoval.

## Menntun

Eitt meginmarkmið Austurbrúar er að stuðla að fjölbreyttum menntunarmöguleikum fullorðins fólks á Austurlandi og vera samstarfsvettvangur fyrir aðila er vinna að verkefnum á sviði menntunar fullorðinna. Austurbrú vinnur að menntamálum samkvæmt óskum og þörfum atvinnulífs og almennings, bæði hvað varðar símenntun ófaglærðra og verkefni sem tengjast uppbyggingu á auknu framboði háskólanáms á svæðinu.

### Símenntun

Austurbrú kynnr, miðlar og skipuleggur nám sem einstaklingar og fyrirtæki í fjórðungnum kunna að þurfa og óska eftir hverju sinni. Einnig vinna starfsmenn Austurbrúar greiningar á menntunarþörf og gera fræðsluáætlanir fyrir fyrirtæki og stofnanir. Auk námskeiða veitir náms- og starfsráðgjafi fjölda einstaklinga ráðgjöf og allmargir fara árlega í gegnum raunfærnimat.

Á vorönn 2019 sóttu um 55 nemendahópar mismunandi námskeið hjá Austurbrú og voru þátttakendur alls um 770. Á haustönninni voru nokkrir færri eða um 400 þátttakendur í um 35 nemendahópum. Um er að ræða námskeið og námsleiðir sem eru mjög mismunandi að lengd og uppbyggingu, allt frá nokkurra klukkustunda námskeiðum til námsleiða sem standa yfir í margar annir. Dæmi um námsframboð eru námsleiðir samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, námskeið í íslensku fyrir útlendinga, námskeið sérstaklega sniðin fyrir fatlaða, starfstengd námskeið ýmis konar, t.d. í tengslum við fræðsluáætlanir fyrirtækja og stofnana og annars konar námskeið af ýmsu tagi.

**Verkefnisstjórn:** Guðrún Á. Jónsdóttir



Snæfellsstofa. Ljósmynd: Rhombie Sandoval.

## Evrópuverkefnið *Life & Health, health promoting communities*

Austurbrú er þátttakandi í verkefninu *Life & Health, health promoting communities* eða *Lif og heilsa í heilsueflandi samfélögum*. Verkefnið, sem er styrkt af Erasmus+-áætlun Evrópusambandsins, er til tveggja ára og hefur það markmið að stuðla að heilsueflingu fullorðinna með fræðslu og vitundarvakningu. Þátttakendur, auk Austurbrúar, eru SÍBS frá Íslandi sem stýrir verkefninu, LHL í Noregi og Cesie á Ítalíu. Byggt er á forvarnaverkefninu *SÍBS Lif og heilsa* sem SÍBS hefur unnið í samstarfi við heilbrigðisstofnanir og sveitarfélög um allt land þar sem almenningi býðst ókeypis heilsufarsmæling og þátttaka í spurninga könnun um heilsufar, líðan og lifnaðarhætti. Jafnframt hefur SÍBS í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Austurbrú unnið námskrána *Lif og heilsa, lífsstílsþjálfun* sem meta má til eininga innan framhaldsskólakerfisins. Markmið námsins er að auka þekkingu námsmanna á áhrifaþáttum heilsu, leikni þeirra í heilsulæsi og hæfni til að taka ábyrgð á eigin heilsu. Verkefnið hófst með fundi þátttakenda í Reykjavík þann 25. september 2018 og líkur með ráðstefnu sumarið 2020 þar sem niðurstöður þess verða kynntar.

Tveir hópar tóku þátt í námskeiðum hjá Austurbrú samkvæmt námskránni *Lif og heilsa, lífsstílsþjálfun* á árinu 2019. Námskeiðið samanstendur af kennslustundum og eftirfylgni, ætlað þeim sem vilja bæta heilsu sína og vellíðan á heildrænan hátt. Í kennslustundum er áhersla lögð á fræðslu, samræður og verkefnavinnu. Heilsu-

farsmælingar eru framkvæmdar þrisvar á námskeiðinu; í upphafi, á því miðju og í lokin, og eru þátttakendur hvattir til að svara HAL-100 spurningalistanum í gegnum Heilsugátt SÍBS. Meðal umfjöllunar-efnis er markmiðasetning, vani, hugarfarar, andleg heilbrigði, s.s. streita, jafnvægi, hugleiðsla, núvítund og þakklæti. Farið var í mikilvægi svefns og hreyfingar og hvernig á að koma sér af stað í reglulega hreyfingu. Rætt er um næringu og áhrif mataræðis á heilsu. Þátttakendur fá leiðbeiningar um gerð matseðla, matardagbókar og fleira gagnlegt. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðaða nálgun, að hver þátttakandi skoði hvar hann er staddur og hvaða breytingar hann vill eða þarf að gera á lífsstíl sínum. Öll erum við einstök og það sama hentar ekki öllum. Þátttakendur setja sér viðráðanleg markmið með áherslu á hægjar breytingar, eitt skref í einu. Eftirfylgni er einstaklingsmiðuð þar sem hvert og eitt fær aðstoð við markmiðasetningu. Í mánaðarlegum samtölum ræða leiðbeinandi og þátttakandi markmiðin og hvort þörf er á breytingum. Reynslan af námskeiðunum er góð og niðurstöður námskeiðsmats jákvæðar.

Í maí 2019 var haldinn lífsstílsdagur í Neskaupstað í samstarfi við Fjarðabyggð, heilsueflandi samfélag. Dagurinn byrjaði með ókeypis heilsufarsmælingu þar sem þátttakendur voru hvattir til að taka þátt í spurningakönnun á Heilsugátt SÍBS. Í framhaldinu voru fjórir fyrirlestrar á dagskrá. Fyrst kynnti Hrönn Grímsdóttir

hjá Austurbrú verkefnið *Lif og heilsa og lífsstílsþjálfun*. Bjarki Ármann Oddsson, íþrótta- og æskulýðsfulltrúi hjá sveitarfélaginu Fjarðabyggð, ræddi um heilsueflandi samfélagið Fjarðabyggð. Það felur í sér að líkamleg, andleg og félagsleg heilsa íbúa er höfð í huga við alla stefnumótun. Fyrri gestafyrirlesari dagsins var Sigrún Þuríður Geirsdóttir sem fyrst íslenskra kvenna synti ein yfir Ermarsundið. Hún sagði ótrúlega sögu sína af því hvernig hún fór frá því að vera „sófakartafla“ yfir í að sigra Ermarsundið sem oft er kallað „Mount Everest“ sundfólksins. Að lokum talaði Elísabet Reynisdóttir, næringarfræðingur, um mikilvægi góðrar næringar fyrir heilsu og vellíðan fólks. Hitæiningar segja ekki alla söguna og getur fólk verið vannært og í yfirþyngd á sama tíma. Allir ættu að drekka vatn við þorsta og borða fimm skammta af ávöxtum og grænmeti á dag. Hrönn Grímsdóttir var fundarstjóri og leiddi jógaæfingar og slökun milli atriða. Eftir fundinn skelltu margir þátttakendur sér í sjósund.

Búið er að þýða námskrána og námsefni ásamt spurningalistunum á ensku og eru hópar einnig farnir af stað í Noregi og á Ítalíu. Tveir fundir þátttakenda voru haldnir á árinu 2019, í Osló í Noregi febrúar og í Palermo á Ítalíu í október.


**Verkefnisstjórn:** Sigrún Víglundsdóttir

# Háskólasetur Austurlands

Austurbrú hýsir undirbúningsverkefni um stofnun háskólaseturs á Austurlandi. Stýrihópur yfir verkefninu er skipaður fulltrúum sveitarfélaga, fyrirtækja og framhaldsskóla á Austurlandi og Háskólans á Akureyri.

Stýrihópurinn leggur línurnar og sérstakur verkefnastjóri háskólaseturs hjá Austurbrú vann að verkefninu árið 2019.

**Verkefnisstjórn:** Guðrún Á. Jónsdóttir og  
Christoph Merschbrock



Klifbrekkufossar. Ljósmynd: Rhombie Sandoval.

## Háskólaþjónusta

Þjónusta við háskólanemendur var með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár og nýttist mörgum nemendum. Nokkrir tugir nemenda hafa að staðaldri yfir veturinn námaðstöðu í starfsstöðvum Austurbrúar þar sem þeir læra, hlusta saman á fyrirlestra, leysa verkefni og undirbúa sig fyrir próf og verkefnaskil. Margir fá leiðbeiningar og aðstoð varðandi nám, s.s. námstækni, skipulag verkefna og ráðgjöf vegna prófkvíða.

Prófaumsýsla er töluvert umfangsmikil í starfi Austurbrúar því fara þarf eftir fomlegu verklagi um meðhöndlun prófa, skönnun og sendingu prófúrlausna, eyðingu persónugreinanlegra gagna og fleira. Milli 240 og 250 einstaklingar tóku um 800 próf hjá Austurbrú á árinu 2019. Langflestir þeirra eru fjarnemar frá háskólum en einnig nýta nokkrir háskólanemar sem eru í staðnámi í háskólum landsins sér að taka próf í heimabyggð, t.d. sjúkra- og upptökupróf. Nokkuð er einnig um aðrar próftökur, s.s. vegna ríkisborgararéttar, A próf til inntöku í háskóla eða einhvers konar réttindapróf. Af þeim sem tóku próf voru um 30 % karlar og 70 % konur. Af einstökum skólum voru flestar próftökur frá Háskólanum á Akureyri eða liðlega helmingur.

Framboð á námsgreinum í fjarnámi frá íslenskum háskólum hefur að mestu staðið í stað undanfarin ár og nemendafjöldi hefur ekki mikið breyst þótt einhverjar sveiflur séu milli ára. Nemendur sem nýta þjónustu Austurbrúar eru úr öllum háskólunum nema Listaháskóla Íslands. Flestir stunda nám við Háskólann á Akureyri og næstflestir við Háskóla Íslands. Flestir nemendur sóttu þjónustu til starfsstöðvarinnar á Egilsstöðum og voru 45% af öllum prófum tekin þar, Reyðarfjörður kemur þar næst og síðan aðrar starfsstöðvar.

**Verkefnisstjórn:** Guðrún Á. Jónsdóttir



Vestdalsvatn. Ljósmynd: Rhombie Sandoval.

## Rafræn þjónustunámskeið

Austurbrú hleypti af stokkunum tveimur nýjum rafrænum námskeiðum í maí 2019 sem ætlað var að mæta fræðsluþörf ferðarþjónustunnar á Austurlandi og auka gæði hennar. Þetta eru umfangsmestu námskeiðin af þessu tagi sem hönnuð hafa verið og framleidd innan Austurbrúar.

Austurbrú hefur áður fengist við rafræna námsgagna-gerð en þetta eru óumdeilanlega þau metnaðarfullstu sem ráðist hefur verið í að gera og kom fjöldi fólks að verkinu: Nokkrir handritshöfundar, grafískur hönnuður, kvikmyndagerðarfólk, leikarar og fleiri. Um er að ræða tvö námskeið sem tengjast innbyrðis en geta staðið sjálfstæð líka.

Annað námskeiðið ber titilinn Móttaka gesta og í því er fjallað um hugtakið gestrisni og fagmennsku í móttöku

gesta. Námskeiðið er byggt á víðtækri gagnaöflun: Tekin voru viðtöl við nokkra framúrskarandi gestgjafa á Austurlandi og efni unnið úr bókum sem skrifaðar hafa verið um þjónustu og þjónustulund. Lögð er áhersla á að námsefnið sé hagnýtt og að það komi strax að notum fyrir starfsmanninn. Efninu er miðlað í gegnum sérhannaðan hugbúnað með texta, myndum og stuttum myndskleiðum. Námskeiðið er brotið upp með reynslusögum austfirskra gestgjafa og nemandi þarf að þreya próf í lok hvers kafla. Hið námskeiðið heitir einfaldlega Austurland og í því er fjallað um fjórðunginn, einkenni náttúru og samfélags og vakinn athygli á helstu afþreyingarmöguleikum.

Hvatinn að gerð námskeiðanna er verkefnið Áfanga- staðurinn Austurland sem Austurbrú hefur annast framkvæmd á síðustu ár. Eitt af markmiðum þess er að


auka gæði þjónustu á svæðinu og er von Austurbrúar að þessi fræðsla geti orðið liður í því. Námskeiðin henta öllu starfsfólki sem tekur á móti gestum Austurlands, t.d. á gisti- og veitingastöðum en líka í sundlaugum, sjoppum, verslunum o.s.frv. Það hentar nýliðum í starfi sérstaklega vel en það getur líka eflt reyndara starfsfólk í starfi. Hver sem er getur keypt aðgang að námskeiðunum en fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar sem eru með samstarfsamning við Austurbrú fá námskeiðin á sérstökum kjörum.

Námskeiðin voru unnin með styrk frá Fræðslusjóði og eru á íslensku og ensku.

**Verkefnisstjórn:** Jón Knútur Ásmundsson



Úr rafrænu þjónustunámskeiði. Halldóra Malín Pétursdóttir.



Námskeiðin veita þátttakendum ýmsar gagnlegar upplýsingar.



## „Þetta er minna mál en maður heldur“

**Austurbrú sinnir rekstri námsleiða samkvæmt námsskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FRÆ) samkvæmt samningi. FRÆ leitast við að hanna nám sem er hnitmiðað og hagkvæmt fyrir fullorðna. Hlutverk FRÆ við gerð námskráa er greining á hæfnikröfum starfa, að vinna að þróun raunfærnimats, auka framboð á vottuðu námi og efla náms- og starfsráðgjöf. Byggt er á hæfnigreiningum starfa og námskrárnar eru samdar í samvinnu við fræðsluaðila og atvinnulífið. Námskrárnar, sem skiptast í starfstengdar og almennar leiðir, eru unnar eftir ákveðnu ferli þar sem þær eru skráðar í námskrárgrunn mennta- og menningarmálaráðuneytisins og síðan vottaðar af Menntamálastofnun á þrep samkvæmt hæfniramma um íslenska menntun og til eininga á framhaldskólastigi.**

Meðal námsleiða eru stuttar leiðir eins og *Meðferð matvæla*, *Færni í ferðaþjónustu* eða hinar ýmsu smiðjur sem oft eru 40 til 80 klst að lengd og keyra má á nokkrum helgum eða yfir eina stutta önn. Aðrar leiðir eru lengri og krefjast þess að nemendur sinni heimanámi til viðbótar við þann tíma sem þeir mæta í kennslustundir sem oftast eru í formi staðlota. Meðal slíkra leiða eru *Stökkpallur*, *Menntastoðir*, *Íslensk menning og samfélag* og *Skrifstofuskólinn*. Þessar námsleiðir ná allar yfir tvær annir og eru 180 til 1000 klukkustundir.

Markhópurinn er fólk á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið námi á framhaldskólastigi. Gerðar eru kröfur um lágmarksstærðir hópa, oftast um tíu nemendur, til að hægt sé að fara af stað með námsleið. Slíkar kröfur gera það að verkum að oft þarf að safna í hóp á Austurlandi og bíða með upphaf námsleiða þar til nægur fjöldi þátttakenda er til staðar. Oftast er hópurinn dreifður yfir svæðið sem nær frá Vopnafirði til Djúpavogs. Sú samsetning kallar á skapandi lausnir þannig að jafnvægi verði á milli þess tíma sem nemendur koma saman á einn stað og þess tíma sem þeir sinna heimanámi. Ennfremur er sérstaklega mikilvægt að huga að því að nægur stuðningur sé við nemendur sem oft eru að stíga sín fyrstu skref í námi eftir langan tíma, hafa ekki full tök á upplýsingatækni og þurfa persónulega ráðgjöf og hvatningu til að efla sjálfstraust sitt til náms.

### Námsleiðirnar hjá Austurbrú

Þær lengri námsleiðir sem reglulega er boðið uppá hjá Austurbrú eru meðal annars *Menntastoðir* og *Skrifstofuskólinn*. Þessar námsleiðir hafa báðar verið kenndar með ákveðnu fyrirkomulagi sem er blanda af fjarnámi og staðnámi. Fyrirkomulagið hefur mælst vel fyrir og brottfall er undantekning. Austurbrú hefur á að skipa starfsfólki sem hefur langa reynslu úr menntakerfinu, m.a. úr framhaldsskólakerfinu, sem á Austurlandi hefur fyrir löngu tekið fjarkennslu upp sem sjálfsagðan hluta af starfsemi sinni. Austurbrú hefur einnig aðgang að vel menntuðum og reyndum kennurum sem taka að sér kennslu hinna ýmsu greina í verktöku og eru þeir lykilaðilar í þróun námsleiðanna.

Fjarnámsfyrirkomulagið er valið þar sem langflestir nemendur eru í fullri vinnu og námið bætist við þá dagskrá sem daglegt líf samanstendur af. Einnig eru samgöngur á Austurlandi oft erfiðar á vetrum og ekki sjálfsagt að hægt sé að komast á milli staða. Því var valin sú leið að hafa staðlotur um helgar þar sem hefðbundin kennsla fer fram, helst ekki oftast en mánuðarlega en þá jafnvel bæði laugardag og sunnudag í lengri námsleiðum. Vikulega er svo stuðningstími sem er oftast tvær til fjórar klukkustundir seinni part dags. Í þeim tíma hafa nemendur aðgang að kennara og geta fengið aðstoð við lausn verkefna. Nemendur nota einnig þessa

tíma til að vinna saman, styðja hvern annan og upplifa ákveðinn námsanda eða tilfinningu fyrir því að vera hluti af nemendahópi sem vinnur að sama markmiði. Námsfernið er allt aðgengilegt á kennsluvef þar sem nemendur skila einnig verkefnum sínum. Fyrir marga er það heilmikil áskorun enda flestir ekki verið í skóla síðan verkefnaskil fóru fram með blaði og penna.

### Skrifstofuskólinn

Námsleiðin er 360 klukkustundir og er tilgangur námsins er að efla þekkingu og hæfni þeirra sem sinna almennum skrifstofustörfum eða hafa áhuga á slíkum störfum, með áherslu á tölvur, bókhald og skrifstofutækni. Námið má meta til átján eininga á framhaldskólastigi. Einn námsþáttur er kenndur í einu og nemendur þurfa því ekki að dreifa athyglinni heldur getur einblínt á að ná góðum tókum á hverjum lið áður en byggt er ofan á fyrir þann næsta. Mikil áhersla er lögð á að byggja góðan grunn í upplýsingatækni áður en byrjað er á greinum eins og verslunarreikningi eða bókhaldi þannig að tölvan og umhverfi hennar sé orðið aðgengilegt og meðfærilegt.



Nemendur úr lengri námsleiðum. Ljósmynd: Aðsend.

**Menntastoðir** eru 1.000 klukkustunda námsleið sem meta má til allt að 55 framhaldsskólalæinga en dugir ein og sér til þess að veita aðgang að frumgreina-deildum háskólanna. Einnig inniheldur námsleiðin allar bóklegar kjarnagreinir í flestum iðngreinum. Nemendur taka áfanga í íslensku, ensku og stærðfræði auk upplýsingatækni sem er gegnumgangandi yfir alla áfanga. Námið fer fram í staðlotum, stuðningstímum og fjarkennslu. Þannig verður til stuðningsríkt

umhverfi þar sem nemendur fást við einn áfanga í einu, mæta í staðlotur fyrir innlögð verkefna, efnis og fá leiðsögn um markmið áfangans, þau skilyrði sem þeir þurfa að mæta til að ljúka honum og finna leiðir til að ná námsviðmiðum. Vikulega er boðið upp á stuðningstíma þar sem nemendur geta komið og hitt kennara sinn, hringt í gegnum Skype eða FaceTime eða einfaldlega mætt og unnið að verkefnum sínum í hópi samnemenda.

### Reynsla nemanda af Skrifstofuskólannum

„Ég er ein af þeim sem hætti snemma í skóla, byrjaði að búa og fór út á vinnumarkaðinn. Ég hef því reynsluna en enga menntun að ráði. Oft hef ég íhugað að klára eitthvað nám en með fullri vinnu og stóru heimili hef ég ekki treyst mér í það. Einnig held ég af því hversu langt er síðan ég sat síðast á skólabekk hafi ég hreinlega ekki verið viss um að ég gæti þetta ennþá. Fyrir tilviljun rakst ég á auglýsingu frá Austurbrú um Skrifstofuskólann og þar sem ég hef lengst af fengist við skrifstofustörf ákvað ég að kanna þetta betur. Það varð úr að ég sótti um og hef setið það nám nú í vetur. Þetta var ein sú besta ákvörðun sem ég hef tekið, bæði var þetta allt mun minna mál en ég hélt og einnig hef ég kynnst fólki sem mér er farið að þykja ósköp vænt um. Námið er sett upp í lotum þannig að hver áfangi er kláraður áður en næsti áfangi hefst. Allt utanumhald er til sóma og mikið lagt upp úr að hver nemandi fái þá aðstoð sem hann þarf. Ég get því hiklaust mælt með námi hjá Austurbrú og mun eflaust horfa þangað eftir frekara námi.“

**Lilja Salný Gunnlaugsdóttir**  
nemi við Skrifstofuskólann 2019-2020.

### Reynsla nemanda af Menntastöðum

„Mig hafði lengi langað að hefja nám að nýju, en ég lauk ekki stúdentsprófi. Ég fann mér þó alltaf einhverjar afsakanir til að teffa það og taldi sjálfri mér trú um að þetta væri örugglega mikið mál. Einn daginn sá ég auglýsingu frá Austurbrú og þar var verið að auglýsa nám í Menntastöðum. Ég lét loks slag standa og sótti um. Það var með því betra sem ég hef gert fyrir sjálfa mig. Sjálfstraust mitt hefur aukist og ég hef trú á sjálfri mér og því sem ég er að gera. Kennararnir voru frábærir og mikill stuðningur við nemendur. Nú stunda ég nám við Háskólann á Bifröst og bókaranám hjá Promennt og er staðráðin í að halda áfram námi. Ég er svo þakklát fyrir að hafa fengið annað tækifæri til að mennta mig.“

**Hrafnhildur Linda Ólafsdóttir**  
útskrifuð úr Menntastöðum vorið 2018.  
Stundar nú nám á Bifröst og Promennt.

„Þegar kom að því að halda áfram í námi eftir langt hlé skoðaði ég ýmsa möguleika sem flestir hentuðu ekki sem skyldi. Þá var mér bent á Menntastöðir hjá Austurbrú og ákvað ég að henda mér í að klára það sem uppá þurfti til að komast í það framhaldsnám sem heillaði mig. Í dag hef ég lokið námi við Háarakademíuna og er að leita mér að stað til að klára samningur við meistara í ár og svo sveinspróf. Ég mæli hiklaust með náminu í Menntastöðum fyrir þá sem hafa verið stopp í einhvern tíma. Þar eru frábærir kennarar og vel haldið utan um mann með góðri blöndu af hvatningu og kennslu. Takk fyrir mig.“

**Sigurbjörg Halldórsdóttir**  
útskrifuð úr Menntastöðum vorið 2018 og  
útskrifuð með hæstu einkunn úr Háarakademíunni.




Fljótsdalshérað. Ljósmynd: Rhombie Sandoval.

## Íslenska fyrir útlendinga

Á árinu voru haldin fjórtán námskeið í íslensku fyrir útlendinga, tíu heil námskeið og átta hálf, og var fjöldi þátttakenda um 220. Námskeið voru haldin á Reyðarfirði, Egilsstöðum, Djúpavogi, Seyðisfirði og í Neskaupstað. Þetta er mikil aukning frá síðasta ári og töluvert meiri fjöldi en reiknað hafði verið með. Árið 2019 var farið af stað með hugmyndavinnu um hvernig hægt væri að halda úti námskeiðum í brothættum byggðum með tilsettum fjölda þátttakenda. Niðurstaðan var sú að skoða þyrfti möguleikann á fjar Kennslu þar sem þátttakendur eru oft á tíðum dreifðir um landshlutann. Nú þegar er hafin vinna við útfærslu á því og er stefnt að því að hún verði tilbúin haustið 2020.

**Verkefnisstjórn:** Arnar Úlfarsson og  
Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir



Fjarðabyggð. Ljósmynd: Rhombie Sandoval.

## Samstarf við Fjölmennt

Austurbrú hefur umsjón með námsleiðum fyrir fólk með fötlun á Austurlandi. Fjármögnun kemur frá Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð sem jafnframt sinnir ráðgjöf og stuðningi við fræðslustofnanir vegna náms og símenntunar fyrir fatlað fólk á Íslandi. Haldin voru ellefu námskeið á árinu 2019. Á vorönn voru haldin námskeið í Psycodrama, Crossfit, handverki, útivist og tvö námskeið í kertagerð. Á haustönn var boðið upp á námskeið í haustkransagerð, útivist, jóga og tvö námskeið í tágakörfugerð. Báðar annarnar var boðið upp á útivist þar sem þátttakendur fóru í göngutúr með sagnaívafi um Egilsstaði. Mikil áhersla er lögð á að bjóða bæði upp á námskeið í handverki og önnur sem stuðla að hreyfingu og útivist.

**Verkefnisstjórn:** Arnar Úlfarsson



Gönguleið að Fardagafossi. Ljósmynd: Rhombie Sandoval.

## Stóriðjuskólinn

Eitt af stærri verkefnum Austurbrúar er Stóriðjuskólinn sem rekinn er í samstarfi við Alcoa Fjarðaál. Námið er samkvæmt námskrá frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og ber nafnið Nám í stóriðju. Það skiptist í sex annir, annars vegar þrjár annir í grunnnámi og hins vegar þrjár annir í framhaldsnámi. Kennsla fer fram einu sinni í viku, frá átta til fjögur og eru kenndir um fimmtán dagar á önn í grunnnámi en níttján dagar í framhaldsnámi.

Námið skiptist í almennar bóklegar greinar, t.d. eðlisfræði, stærðfræði, ensku og tölvur en hins vegar námskeið sem tengjast álframleiðslu beint. Þar má nefna vinnu í kerskála og steypuskála, umhverfis-, heilsu- og öryggismál á vinnustaðnum. Bæði grunn- og framhaldsnámi lýkur með lokaverkefni þar sem nemendur velja sér viðfangsefni tengd starfinu og þá oftast en ekki eitthvað sem þeir vilja betrubæta.

Á árinu 2019 voru nemendur í grunn- og framhaldsnámi rúmlega fimmtíu. Í desember 2019 var útskriftarhópurinn einn sá stærsti í sögu skólans en þá útskrifuðust 35 nemendur úr framhaldsnámi í stóriðju.

**Verkefnisstjórn:** Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir



Nemendur í Stóriðjuskólanum við útskrift.

## Tæknidagur fjölskyldunnar

Tæknidagur fjölskyldunnar var haldinn þann 5. október í húsa- kynnum Verkmenntaskóla Austurlands. Þetta var í sjöunda skipti sem Austurbrú og Verkmenntaskóla Austurlands taka höndum saman við skipulag viðburðarins. Tæknidagurinn hefur hægt og rólega skipað sér sess sem fastur punktur í viðburðalífi Austfirðinga á haustin. Meðþátttaka var á árinu 2019 en um fimmtán hundruð gestir sóttu daginn. Fjölmargir sýnendur taka þátt í Tæknideginum, einkum fyrirtæki og stofnanir í landshlutanum en líka sýnendur utan Austurlands, s.s. Vísindasmiðja Háskóla Íslands en reyndar gátu Sprengju-Kata og fleiri ekki komið sökum veðurs að þessu sinni. Sem fyrr var lögð áhersla á að dagurinn vekti athygli á fjölbreyttum viðfangsefnum tækni, vísinda, nýsköpunar, þróunar og iðnaðar á Austurlandi. Fjöldi fólks tekur þátt í framkvæmd dagsins en Austurbrú á tvo fulltrúa í stýrihópi verkefnisins og aðstoðum við einkum við markaðssetningu, almannatengsl, söfnun styrkja og fleira. Fjarðabyggð, SÚN, Alcoa Fjarðarál, Síldarvinnslan, Sesam brauðhús og Eimskip voru helstu styrkjendur dagsins árið 2019.

**Verkefnisstjórn:** Jón Knútur Ásmundsson



Tæknidagur fjölskyldunnar. Ljósmynd: Esther Ösp Gunnarsdóttir.

## Kvasir og Leikn - samstarf um fullorðinsfræðslu

Kvasir eru samtök 11 fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi sem starfa að:

- öllu leyti eða að hluta til á grundvelli laga um fram-haldsfræðslu nr. 27/2010, samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og vinna fræðsluverkefni með stuðningi Fræðslusjóðs
- samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið að framhaldsfræðslu og símenntun til almannaheilla á samfélagslegum grunni (non-profit).

Kvasir heldur árlega tvo vinnufundi þar sem aðilar bera saman bækur, ræða hagsmunamál og leiðir til að bæta og styrkja starfið en á milli fundar stjórn oftast símleiðis. Kvasir hefur að markmiði að standa vörð um fullorðinsfræðslu og berjast fyrir hagsmunum símenntunarmiðstöðva. Vorfundur Kvasis 2019 var haldinn á Húsavík

í apríl. Á sama tíma er aðalfundur samtakanna haldinn og auk þess eru hagsmunamál og verkefni rædd. Verkefnastjórar símenntunarmiðstöðvanna hittast yfirleitt á vorkundunum og ræða samstarf og ýmis fagmál. Haustfundur var haldinn í október í Vestmannaeyjum en nokkrir fullrúar komust ekki vegna veðurs og voru í Reykjavík í fjarsambandi við Vestmannaeyjar.

Austurbrú tekur einnig þátt í samstarfi Leiknar sem er sameiginlegur vettvangur fleiri fullorðinsfræðsluaðila en eru í Kvasi og er tilgangur samtakanna að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi. Í Leikn eru fræðsluaðilar og frjáls félagasamtök sem hafa það meginhlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaheilla á samfélagslegum grunni (nonprofit), eru sjálfstæðir rekstraraðilar og starfa utan hins formlega skólakerfis.

### Samstarf þekkingarsetra

Austurbrú tekur þátt í samstarfi þekkingarsetra sem starfa vítt og breitt um landið og njóta stuðnings á fjárlögum samkvæmt samningum við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Samstarfið hófst formlega með fundi í Sandgerði snemma árs 2014. Samtökin héldu samráðsfund haustið 2019 og var fjallað um hagsmunamál þekkingarsetra og verkefnastöðu þeirra.

**Verkefnisstjórn:** Guðrún Á Jónsdóttir



Askja. Ljósmynd: Rhombie Sandoval.



# Raunfærnimat

Markmið með raunfærnimati er að meta óformlegt nám til eininga og staðfesta hæfni einstaklinga. Íbúum Austurlands býðst að taka þátt í langflestum tegundum raunfærnimats í heimabyggð.

## Samstarfseiningar við Iðuna

Alls luku sjö manns raunfærnimati árið 2019 í samstarfi við Iðuna: tveir í matartækni, einn í bifvélavirkjun, þrír í vélvirkjun og einn í húsasmíði. Náms- og starfsráðgjafi sá þá að stórum hluta um samskipti við nemandann; upplýsti hann um fyrirkomulag, aðstoðaði við að fá þau gögn sem þarf til að viðkomandi yrði samþykktur inn í matið, aðstoðaði hann við að fylla út sjálfsmatslista og almenna skráningu, fann tímasetningu fyrir matið í samráði við Iðuna, sá um allar tengingar í matinu, útvegaði aðstöðu og var stuðningsaðili í sjálfu matinu. Matssamtalið sjálft fór í öllum tilfellum fram í gegnum fjarfund og þurftu því nemendurnir aldrei að ferðast til Reykjavíkur í ferlinu.

## VISKA

Einn nemandi tók þátt í raunfærnimati skipstjóra í samstarfi við VISKU Vestmannaeyjum. Það samstarf og mat fór fram með sama hætti og hjá Iðunni.

## Félagliðabraut - raunfærnimat á vegum Austurbrúar

Náms- og starfsráðgjafi var verkefnastjóri og ráðgjafi í raunfærnimati á félagliðabraut. Undirbúningur hófst í janúar 2019 og matið fór fram í maí sama ár. Þátttakendur komu frá Egilsstöðum, Neskaupstað, Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði. Matssamtölin fóru fram á Egilsstöðum, í Neskaupstað og á Reyðarfirði. Alls luku sjö aðilar mati með að meðaltali 60 einingar hver. Einn kennari/matsaðili sá um allt matið og fór það fram í gegnum Skype. Náms- og starfsráðgjafi fylgdi öllum þátttakendum eftir með viðtali þar sem næstu skref voru ákveðin. Flestir fóru í áframhaldandi nám á félagliðabraut hjá MÍMI símenntunarstöð.



Askja. Ljósmynd: Rhombie Sandoval.

## Náms og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf er mjög mikilvæg fyrir fólk með litla eða enga menntun, ekki síst á landsbyggðinni þar sem menntunarskiptið er almennt lægra en á höfuðborgarsvæðinu og minna um námsframboð. Náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna hefur verið sinnt á Austurlandi á vegum Austurbrúar. Samningur við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins veitir Austurbrú fjárhagslegan styrk til að sinna verkefninu.

Náms- og starfsráðgjafi er í 75% stöðu hjá Austurbrú en sinnir þó fleiri verkefnum samhliða.

Á vorönn fór fram raunfærnimat á félagsliðabraut og á haustönn hófst undirbúningur fyrir mat á fisktækni- braut. Í kringum þessi verkefni voru mörg viðtöl tekin og þeim þátttakendum sem það vildu leiðbeint áfram í nám.

Námsráðgjafi ferðast talsvert til að koma til móts við ráðþega. Flestar ferðir voru á Reyðarfjörð og þar á eftir

í Egilsstaði frá Neskaupstað en ráðgjafi fer þangað að lágmarki einu sinni í viku. Alltaf er reynt að koma til móts við ráðþega varðandi staðsetningar viðtala. Akstursstyrkur frá Fræðslumiðstöðinni var aukinn frá árinu áður og náði að dekkja þær ferðir sem farnar voru. Námsráðgjafi sinnir mikið einstaklingum sem leita til hans að eigin frumkvæði. Sumir hafa samband eftir kynningu á vinnustöðum og þá jafnvel mörgum mánuðum síðar. Þjónustan spyrst smám saman út og margir fréttu af henni frá vinum, kunningjum og samstarfsfólki. Eins er talsvert vísað á námsráðgjafa í gegnum VIRK, Starfsendurhæfingu Austurlands og Vinnumálastofnun. Langflestir sem leita til námsráðgjafa vilja hefja nám, oft eftir langt hlé. Fólk sækist eftir aðstoð við að átta sig á áhugasviði sínu, fær þá viðtal og sumir taka áhugasviðskönnun. Ýmsir þurfa aðstoð við að skoða hvaða nám er í boði, bæði í framhaldsskóla og háskóla, hvernig menntakerfið virkar, hvað þeir þurfa til að vera gjaldgengir í háskólanám o.fl. Einstaklingar þurfa oft aðstoð við að skoða hvað þeir eru

búnir með og hvaða leið er best. Þeir sem eru að skoða háskólanám vilja búa áfram fyrir austan og sækjast því eftir fjarnámi.

### Hópráðgjöf

Á tímabilinu var farið í þrjár fyrirtækjaheimsóknir til Síldarvinnslunnar, Loðnuvinnslunnar og Stólpa á Egilsstöðum. Síldarvinnslan var heimsótt bæði í Neskaupstað og á Seyðisfirði og farið var á nokkra vinnustaði innan fyrirtækisins, s.s. fiskiðjuver, bræðslu, áhafnir skipa og skrifstofa. Haldið var námskeið tengt heilbrigði og vellíðan ásamt því að náms- og starfsráðgjöfin var kynnt. Í Loðnuvinnslunni á Fáskrúðsfirði var ráðgjöfin kynnt, námsleiðir á vegum Austurbrúar ásamt raunfærnimati í fisktækni. Í Stólpa á Egilsstöðum var haldin kynning á ráðgjöfinni ásamt raunfærnimati í félagsliða.

**Verkefnisstjórn:** Hrönn Grímsdóttir



# Sjálfbærni-verkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar

**Austurbrú hefur haldið utan um Sjálfbærni-verkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar frá janúar 2013. Verkefnið var sett á laggirnar til að fylgjast með áhrifum framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun og álverið á Reyðarfirði á samfélag, umhverfi og efnahag á Austurlandi og hefur vöktun staðið yfir frá árinu 2007. Fjórir starfsmenn Austurbrúar komu að vinnu við verkefnið á árinu 2019. Meginþungi vinnunnar var eins og áður gagnasöfnun, úrvinnsla og uppfærslur á vef.**

Ársfundir verkefnisins eru haldnir í maí ár hvert og eru þeir opnir öllum. Auk þess að fara yfir áhugaverðar niðurstöður vöktunar á fyrra ári eru fengnir gesta-fyrirlesarar til að flytja erindi tengd áherslum fundarins. Í þetta skiptið var sjónum beint að gróðri og gróðurrannsóknum. Gestafyrirlesararnir voru þrír og þátttakendur rúmlega 30. Guðrún Schmidt, fræðslu-fulltrúi hjá Landgræðslunni, gerði grein fyrir því að gróður og jarðvegur eru grunnauðlindir jarðar og mynda lífsgrundvöll og búsvæði fyrir annað lífríki. Hún fór m.a. yfir mikilvægi þess að vernda þessar auðlindir og endurheimta. Guðrún Óskarsdóttir, gróðurvistfræðingur hjá Náttúrustofu Austurlands, fjallaði m.a. um að vöktun gróðurs á Fljótsdalsheiði, Vesturöræfum, Kringilsárrana og í Reyðarfirði á starfstíma virkjunar og álvers sýnir að breytingar hafa orðið á gróðri á tímabilinu. Þótt flókið sé að greina einstaka áhrifavalda voru leiddar líkur að því að líklegar skýringar á breytingum væru beit og loftslagsbreytingar. Erlín Emma Jóhannsdóttir, sérfræðingur hjá Náttúrustofu Austurlands, útskýrði hvernig plöntur taka upp loftborið flúor og hvernig veðurfar, hitastig, úrkoma og vindur hafa áhrif á bæði dreifingu flúors frá verksmiðjunni og það hversu mikið plönturnar taka upp af flúor. Erlín sýndi einnig hvernig styrkur flúors í gróðri breytist með fjarlægð frá álverinu og m.t.t. ríkjandi vindátt.

Smári Kristinsson, framkvæmdarstjóri álframleiðslu og skautsmiðju hjá Alcoa Fjarðaáli, tók fyrir áhugaverðar niðurstöður vöktunar og hvernig kerrekstur og umhverfismál eru nátengd. Þá talaði Ásrún Elmarsdóttir,

verkefnisstjóri Landsvirkjunar, um verkefni varðandi endurheimt gróðurs. Þessi verkefni voru sett af stað í framhaldi af virkjunarframkvæmdum við Kárahnjúka. Landsvirkjun/Fljótsdalsstöð hefur staðið fyrir uppgræðslu við virkjunarsvæðin og Landbótasjóðir Norður-Héraðs og Fljótsdalshrepps hafa unnið að verkefnum til endurheimtar gróðurs á nokkrum svæðum, bæði á hálendi og láglandi á Fljótsdalshéraði. Breytingar á vísun og mælikvörðum þarf að bera undir ársfund og voru samþykktar breytingar á fimm vísunum að þessu sinni.

Í mars lögðu fulltrúar verkefnisins land undir fót og heimsóttu systerverkefnið Gaum, Sjálfbærni-verkefni á Norðausturlandi. Þekkingarnet Þingeyinga á Húsavík heldur utan um verkefnið sem er í eigu Landsvirkjunar. Starfsmenn beggja verkefna, ásamt stýrihópum, fóru þar yfir verkefnið, upphaf og framvindu og hvernig mætti vekja athygli á því starfi sem unnið er að á báðum stöðum. Var fundurinn góður og gagnlegur og markar vonandi upphaf að samstarfi báðum verkefnum til heilla.

Í lok árs hófst undirbúningur að gerð nýrrar vefsíðu sem áætlað er að fari í loftið 28. apríl 2020.

**Verkefnisstjórn:** Sigrún Víglundsdóttir




Hafrahvammagljúfur. Ljósmynd: Rhombie Sandoval.

## Handiheat

Austurbrú er aðili að verkefninu Handiheat sem styrkt er í gegnum Norðurslóðaáætlun (NPA). Verkefnið er samstarfsverkefni Íslands, Norður-Írlands, Skotlands, Finnlands og Írlands og er leitt af Northern Ireland Housing Executive. Unnið er að þróun ýmissa verkfæra og lausna til nýtingar staðbundinna (en ónýttra) orkuauðlinda fyrir íbúabyggðir í dreifbýli sem ekki hafa aðgengi að hagkvæmri hitaveitu og draga úr brennslu jarðefnaeldsneyta þar sem þau er notuð til kyndingar. Haustið 2018 var upphafsfundur haldinn í Belfast en verkefnið er styrkt til þriggja ára. Í september 2019 var haldinn samstarfsfundur á Hallormsstað þar sem gestir kynntu sér hvernig orkunýtingu á Austurlandi er háttað með því að heimsækja m.a. kyndistöðina á Hallormsstað, Hitaveitu Egilsstaða og Fella, Óbyggðasetrið og Vök.

**Verkefnisstjórn:** Alda Marín Kristinsdóttir



Vök Baths. Ljósmynd: Aðsend.

## Orkuskipti á Austurlandi

Verkefnið Orkuskipti á Austurlandi hefur verið starfrækt hjá Austurbrú frá haustinu 2016. Verkefninu er ætlað að stuðla að auknum rannsóknum og uppbyggingu á orkuinnviðum Austurlands með það að leiðarljósi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Unnið hefur verið á árinu að því að teikna upp sviðsmyndagreiningu fyrir jarðefnaeldsneytislaut Austurland. Í greiningunni er horft til raforku-, varma- og eldsneytisnotkunar og framleiðslu í landshlutanum og hvernig þessir ólíku þættir orkukerfisins muni tvinnast saman í orkukerfi framtíðarinnar. Haldið var málþing í byrjun mars 2020 þar sem farið var yfir sviðsmyndirnar og málefnið rætt. Austurbrú hafði forystu um að sækja styrk til Orkusjóðs fyrir hönd sveitarfélaga á Austurlandi til að koma upp rafhleðslustöðvum víðs vegar um fjórðunginn. Styrkurinn felst í kostnaðarþátttöku í uppsetningu stöðvanna. Í kringum verkefnið, sem nú er á lokametrunum, hafa verið settar upp rafhleðslustöðvar á Skjöldólfsstöðum, Borgarfirði eystri, Norðfirði, Eskifirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Egilsstöðum og Seyðisfirði. Fyrirhugað er að koma upp fleiri hleðslustöðvum á Egilsstöðum og í Fellabæ, sem og á Breiðdalsvík. Verkefnið er liður í því að liðka fyrir rafbílavæðingu fjórðungsins og landsins alls.

**Verkefnisstjórn:** Jón Steinar Garðarsson Mýrdal



## Gæðamál og innra mat

Ný gæðastefna Austurbrúar var samþykkt af stjórn haustið 2019. Þar segir meðal annars:

### Gæðastefnan byggir á hlutverki, gildum og meginmarkmiðum Austurbrúar og endurspeglast í eftirfarandi markmiðum:


- Vera öflug og traust stofnun sem vinnur að hagsmunamálum íbúa, stofnana og sveitarfélaga á Austurlandi.
- Veita góða, samræmda þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu.
- Gæta að hagkvæmni í starfseminni án þess að það komi niður á gæðum verkefnanna sem Austurbrú hefur skuldbundið sig til að sinna.
- Beita viðurkenndum aðferðum við framkvæmd verkefna og vinna stöðugt að endurbótum á öllum þáttum starfseminnar.
- Veita starfsmönnum gott vinnuumhverfi og hvatningu í starfi.
- Fylgja lögum og reglugerðum sem lúta að starfssviðum stofnunarinnar.
- Vinna samkvæmt samningum sem stofnunin er aðili að.
- Halda utan um gögn samkvæmt viðurkenndum skjalavistunarfæðum.
- Halda utan um gæða- og verkferla samkvæmt viðurkenndum gæðaferlum.
- Hafa gildi Austurbrúar, framsækni - fagmennska og samvinna, að leiðarljósi.

Austurbrú fékk gæðavottun samkvæmt EQM+ staðli í maí 2019. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur umsjón með vottunarferlinu í samstarfi við vottunaraðila frá Vaxandi ráðgjöf ehf. Lög um framhaldsfræðslu kveða á um að viðurkenndir fræðsluaðilar vinni samkvæmt gæðakerfi með áherslu á nám fullorðinna. EQM vottun á gæðum fræðslustarfs Austurbrúar fékkst fyrst í byrjun árs 2013 en nú bættist við gæðavottun raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar.

Gæðastjórnun felst fyrst og fremst í skynsamlegum og öguðum vinnubrögðum sem miða að því að ná betri árangri og koma í veg fyrir mistök. Viðmið og leiðbeiningar eru til þess ætlaðar að tryggja gæði og eru í raun tæki til að skapa sameiginlegan skilning á því hvernig best verður komið til móts við væntingar viðskiptavinarins.

Þó vottunin eigi eingöngu við verkefni framhaldsfræðslu hjá Austurbrú er áhersla lögð á gæði í allri starfsemi stofnunarinnar og starfar gæðanefnd, sem stofnuð var 2019, þvert á svið. Hlutverk gæðanefndar er m.a. að fara árlega í gegnum sjálfsmatslista, gera úrbætur þar sem þörf er á og skila niðurstöðum til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, skilgreina gæðavísu og gæðamarkmið fyrir fræðslustarfið, bregðast við ábendingum og kvörtunum sem berast og fara í gegnum námskeiðsmat sem nemendur fylla út að loknum námskeiðum.

**Verkefnisstjórn:** Sigrún Víglunds dóttir



Fardagafoss. Ljósmynd: Rhombie Sandoval.



Stóruð. Ljósmynd: Rhombie Sandoval.

**austurbru.is**

